

GUÐRÚN EVA MÍNERVERUÐÓTTIR
Heldur sér í formi með ballett og lyftingum
 • heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FYRIRTÆKJAGJAFIR
Gjafir sem lifa lengur
 Sérblað um fyrirtækjagjafir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Apótekið
 Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

4. nóvember 2008 — 302. tölublað — 8. árgangur **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Phoenix er hættur
 Stórleikarinn Joaquin Phoenix ætlar út í tónlistina.
FÓLK 20

Vinsæl lesning
 Árbók Þingeyinga hefur verið gefin út samfelt frá árinu 1958.
TÍMAMÓT 16

Undirbýr ævintýramynd
 Ragnar Bragason hyllir Melville og Dickens.
FÓLK 26

Klárar hjá KR
 Knattspyrnumaðurinn Guðmundur Benediktsson er genginn í raðir KR á ný þar sem hann ætlar að klára ferilinn.
ÍÞRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG

HVESSIR Í dag verður vaxandi suðaustan átt, 8-13 m/s um hádegi en 15-23 m/s vestan til í kvöld og nótt. Rigning víðast hvar. Hiti 5-10 stig.
VEÐUR 4

Fréttablaðið er með 116% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðalrestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í maí-júlí 2008.

Ráðherra lætur rannsaka afskriftir hjá Kaupþingi

Það verður ekki liðið hafi stjórn Kaupþings afskrifað skuldir starfsmanna segir viðskiptaráðherra. Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður, segist bundinn trúnaði um viðskipti við starfsmenn eins og aðra.

VIÐSKIPTI Reynist það rétt að stjórn Kaupþings hafi afskrifað skuldir starfsmanna vegna hlutabréfakaupa í bankanum munu stjórnvöld sækja það fast að samningum þar að lútandi verði rift, segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Fjármálaeftirlitið (FME) rannsakar nú fréttir um að stjórn Kaupþings hafi látið afskrifa skuldir starfsmanna.

Fram kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins og Stöðvar 2 í gær að um hafi verið að ræða skuldir fjölda starfsmanna, og að um háar upphæðir hafi verið að ræða. Fréttablaðið hefur ekki fengið það staðfest hjá heimildarmönnum.

Sigurður Einarsson, fyrrver-

andi stjórnarformaður Kaupþings, sagðist í gær ekki hafa heimild til að tjá sig um málið. Vísaði hann til þess að lán til starfsmanna séu viðskipti, og í viðskiptum við banka sé trúnaður áskilinn.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að samkvæmt upplýsingum sem hann hafi fengið frá FME hafi allar skuldir Kaupþings verið færðar í Nýja Kaupþing.

„Þetta þarf að rannsaka hratt og leiða strax til lykta,“ segir Björgvin. Ef um eitthvað óeðlilegt hafi verið að ræða verði þess freistað að rifta þeim gjörningi.

„Það verður enginn steinn látinn óhreyfður í þessu máli, og það verður aldrei nokkurn tímann látið

líðast að neitt óeðlilegt hafi átt sér stað,“ segir Björgvin. „Allir skuldarar verða að njóta jafnræðis, engir fá að njóta sérmeðferðar.“

Þeir fyrrverandi stjórnarmenn í Kaupþingi sem Fréttablaðið náði sambandi við í gær könnuðust ekki við að stjórnin hafi samþykkt að fella niður skuldir starfsmanna.

„Ég get staðfest að það hefur ekki verið tekið fyrir í stjórninni,“ segir Brynja Halldórsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður.

Aðrir stjórnarmenn, sem tjáðu sig með því skilyrði að ekki yrði vitnað í þá undir nafni, könnuðust við að skuldastaða starfsmanna hefði verið rædd í stjórninni. Þeir fullyrtu þó að ekki hefði verið

tekin nein ákvörðun um að afskrifa skuldirnar.

Nýja Kaupþing yfirtók öll lán eins og þau stóðu þegar tekið var við, segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings. Hann vildi í gærkvöldi ekki upplýsa hversu háar upphæðir starfsmenn skuldi Nýja Kaupþingi vegna hlutabréfakaupa.

Ekki náðist í Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra bankans, við vinnslu fréttarinnar.

Fram kemur í tilkynningu frá Landsbankanum að bankinn hafi ekki veitt starfsmönnum lán fyrir hlutabréfakaupum sem hluta af starfskjörum. Því hafi ekki verið um niðurfellingar slíkra skulda að ræða hjá bankanum.

- bj



NIÐURRIF BRUNARÚSTANNA HAFIÐ EN UPPBYGGING ÓVISS Talið er að eldsupptök í stórbrunum sem varð í apríl í fyrra í miðbæ Reykjavíkur verði aldrei upplýst. Hrólfr Jónsson, hjá framkvæmdasviði Reykjavíkur, segir að því miður sé ekki útlit fyrir að uppbygging geti hafist þar strax þótt byrjað sé að fjarlægja rústirnar á svæðinu. Ekki sé vítað hversu mikið fé til framkvæmda sé til. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Getur valið úr tilboðum: Lay Low eftirsótt úti í heimi

FÓLK Eitt stærsta umboðs- og útgáfufyrirtæki heims, Nettwerk Music Group, hefur boðið tónlistarkonunni Lay Low útgáfusamning. Að sögn Kára Sturlusonar, umboðsmanns hennar, felur tilboðið í sér útgáfu á nýjustu plötu hennar, Farewell Good Night's Sleep, víða um heim.

„Þeir tala um að nýja platan komi út í Bandaríkjunum og Evrópu í apríl á næsta ári og reikna með því að í desember byrji eiginlegt kynningarstarf. Þetta þýðir að það þarf að fara mikið út að spila og fylgja plötunni eftir,“ segir Kári.

Fleiri ganga með grasið í skónum á eftir Lay Low, þar á meðal stórt breskt útgáfufyrirtæki, og er tilboðs að vænta frá því síðar í vikunni.

- fb / sjá síðu 26

Bandaríkjamenn velja sér í dag arftaka George W. Bush forseta: Kosningaspennan í hámarki

BANDARÍKIN Kosningabaráttan í Bandaríkjunum hefur verið óvenjulöng og ströng. Hún hófst fyrir nærri tveimur árum og lýkur í dag þegar annaðhvort Barack Obama eða John McCain verður kjörinn forseti.

Heimsbyggðin hefur fylgst með kosningabaráttunni vestra af

meiri áhuga en nokkru sinni og andrúmsloftið í Bandaríkjunum hefur verið spennu þrungnið.

Skóðanakannanir benda langflestar til þess að Obama eigi sigurinn vísan. Víst er að það kæmi verulega á óvart ef McCain hefði betur á síðustu stundu og lögreglusveitir búa sig undir

óeirðir ef svo fer. Á landsvísu hefur Obama mælst með 7 til 8 prósentu forskot, samkvæmt flestum skoðanakönnunum.

Þeir Obama og McCain hafa síðustu daga verið á fleygiferð um sonefnd lykilorði, þar sem mjótt hefur verið á muninum milli þeirra.

- gb / sjá síðu 6

sbarro litill pastaréttur og brauðstöng **390 kr.**

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 www.sbarro.is • sími 517 7750

MINNA AF SYKRI MEIRA AF ÁVÖXTUM

BIBLÍA ÍTALSKRAR MATARGERÐAR

Klassískir réttir, heimilismatur eins og hann gerist bestur – bæði einföldustu réttir og margþættari matargerð.

Silfurskeiðin er til á nánast hverju heimili á Ítalíu, enda hefur hún verið vinsælasta brúðargjöfin þar í landi í yfir sextíu ár. Í þessu grundvallarriti eru **tvö hundruð ljósmyndir og fjölmargar teikningar.**




BJARTUR

Komdu með allt í Gull

Vodafone Gull – það besta sem við bjóðum

- Þú færð Ofurheimasímann. **Allt innifalið**, símtöl í alla aðra síma, óháð kerfi – líka í GSM og til útlanda fyrir 3.490 kr. *
- Þú færð **lægsta mínútuverð** í GSM, óháð kerfi
- Þú færð **mesta hraðann** á Netinu
- Þú færð okkar **bestu kjör** og sparnað sem er gulls ígildi

Vertu með allt á einum stað og skráðu þig strax í nýja vildarþjónustu í **1414** eða á **vodafone.is**.

Lifðu núna



vodafone

KJÖRKASSINN



Er rétt að þjóðin fái að ganga til kosninga innan skamms?

Já	66,6%
Nei	33,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að eigendur íslenskra fjölmíðla hafi áhrif á efnistöð þeirra?

Segðu þína skoðun á visir.is



Fermingarbörn safna peningum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku:

Hugurinn skiptir mestu máli

SÖFNUN Fermingarbörn úr 65 sóknum í öllum landshlutum gengu í hús í gær til að safna peningum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í fjórum löndum Afríku. Börnin ganga aftur í hús í dag, milli klukkan 17.30 og 21.



VIÐ UPPHAF SÖFNUNAR Fermingarbörn í Lindasókn létu til sín taka í gær þegar þau gengu í hús í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

í tíunda sinn sem söfnunin er haldin.

„Það skiptir kannski ekki öllu

máli hversu mikið fólk gefur heldur skiptir máli sá hugur sem fólk sýnir með því að taka þátt í henni,“ segir séra Guðmundur Karl Brynjarsson, prestur í Lindasókn í Kópavogi. Hann segir að ef allir í sókninni gæfu fimm-tíu krónur myndi það jafngilda hálfri milljón króna.

Söfnunarféð í ár rennur til verkefna í Mósambík, Malaví, Úganda og Eþíópíu. Í tilkynningu Hjálparstarfs kirkjunnar segir að í fyrra hafi fermingarbörnin safnað um 8 milljónum króna sem reikna megi með að tryggt hafi um 42 þúsund manns aðgangi að hreinu vatni til frambjóðar. - ovd

Dómstóll í Danmörku:

Örlög Kristjáníu ráðast brátt

DANMÖRK, AP Íbúar í Kristjáníu, fríríkinu svonefnda sem danskir hippar stofnuðu í Kaupmannahöfn fyrir nærri fjórum áratugum, hófu í gær málflutning sinn fyrir dönskum dómstól, þar sem þau krefjast þess að dönsk stjórnvöld viðurkenni rétt þeirra til að nýta landsvæðið, þótt ríkið sé eigandi þess.

Íbúarnir kærðu stjórnvöld árið 2006 eftir að þau hófu aðgerðir gegn fíkniefnaviðskiptum og kynntu áform um að rífa hús og byggja íbúðarblokkir á svæðinu, þar sem dansk sjóherinn hafði áður haft aðstöðu. Búið er við úrskurði dómstólsins í janúar. - gb

NICOTINELL

Fæst nú hjá okkur!

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Krabbameinsfélagið boðar til fyrirlestrar með Guðrúnu Árnadóttur, sálfræðingi:

Nú tíð og framtíð

Hvað getum við gert til að okkur líði betur?

Fyrirlesturinn verður haldinn í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, miðvikudaginn 05. nóvember kl. 12:10. Upplýsingar á netfanginu 8004040@krabb.is, í síma 540-1900 og www.krabb.is.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir, aðgangur ókeypis.

AVAXTA-BÍLLINN Byður upp á léttan hádegisverð

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Auglýsingasími

512 50 50

— Mest lesið

Úrslitastund nálgast í sögulegri baráttu

Sögulegri og óvenjulangri kosningabaráttu lýkur í dag þegar Bandaríkjamenn kjósa sér forseta. Mikil spenna ríkir um úrslitin þrátt fyrir að skoðanakannanir hafi lengi bent til þess að Barack Obama eigi sigurinn svo gott sem vísan.

BANDARÍKIN Demókratinn Barack Obama og repúblikaninn John McCain hafa verið á stöðugum ferðalögum síðustu daga um svonefnd lykílríki, þar sem mjótt er á muninum um hvor þeirra muni sigra.


Sannkölluð tímamót yrðu fólgin í því að Bandaríkjamenn fengu í fyrsta sinn forseta sem er dökkur á hörunnd og á ættir sínar að rekja til Afríku. Sú staða ein og sér myndi ekki aðeins breyta mynd Bandaríkanna út á við, heldur gæti hún haft víðtækari áhrif innan Bandaríkanna.

Kosningabaráttan hefur verið söguleg og úrslitanna er beðið af mikilli eftirvæntingu. Obama hefur verið býsna sigurviss undanfarið, en McCain segist sannfærður um að eiga enn möguleika á sigri þrátt fyrir að skoðanakannanir sýni flestar annað.

Spurningin er ekki síst sú, hvort skoðanakannanirnar séu áreiðanlegar eða hvort einhver innbyggð skekkja sé í þeim sem gæti skilað sér í harla óvæntum úrslitum.

Til dæmis skapar fjöldi nýrra kjósenda í þessum kosningum nokkra óvissu, auk þess sem tilhneiging gæti verið hjá fólki að svara þvert um hug sér þegar spurt er hvort það ætli að kjósa þeldökkann frambjóðanda, og niðurstaðan á kjörstað yrði því allt önnur en skoðanakannanir gefa til kynna.

Samkvæmt skoðanakönnunum hefur Obama á lokasprenntinum um það bil sjö prósentu forskot á McCain á landsvisu, en í reynd eru það kosningarnar í hverju ríki sem ráða úrslitum. Obama þykir nokkuð öruggur um að fá meirihluta í öllum þeim ríkjum þar sem flokksbróðir hans John Kerry vann sigur



á George W. Bush árið 2004. Það myndi tryggja honum 252 atkvæði, sem þýðir að hann vantar aðeins 18 atkvæði frá hinum ríkjunum sem kusu Bush fyrir fjórum árum til að ná þeim 270 atkvæða meirihluta sem þarf til sigurs á kjörmannasamkomunni, þar sem formlegt kjör forseta fer fram.

McCain þyrfti hins vegar bæði að ná sigri í eins mörgum Bush-ríkjum og mögulegt er, auk þess sem hann þarf að ná til sín einhverju af þeim ríkjum sem síðast

kusu demókratann Kerry. Þar þykir muna mest um Pennsylvaníu, auk þess sem tap í Ohio, Flórída eða Virginíu gæti orðið honum að falli.

Næsti forseti, hvort sem hann verður Obama eða McCain, á hins vegar ekki í vændum sjö dagana sæla. Meðal erfiðra verkefna, sem hann þarf að takast á við, er efnahagsvandinn, sem er svartari en sést hefur í háa herrans tíð, og svo þarf hann að finna einhverja leið út úr stríðinu í Írak.

gudsteinn@frettabladid.is

Heimurinn fylgist spennur með bandarísku forsetakosningunum:

Flestir halda með Barack Obama

„Barry er sá eini sem sagðist vilja verða forseti,“ segir Murtiningsi, tæplega sjötug kona á Indónesíu, sem var kennari Baracks Obama þegar hann var átta ára. „Ég vona að draumur hans rætist.“

Hún fylgist grannt með atburðunum í Bandaríkjunum, rétt eins og aðrir kennarar, samnemendur og fyrrverandi nágrannar Obama á Indónesíu, þar sem hann bjó í nokkur ár í æsku.

Í Kenía fylgjast einnig ættingjar Obama spennir með kosningunum. Margir þeirra hafa verið tíðir gestir heima hjá ömmu hans í þorpnu Kogelu.

„Allir eru óskaplega ánægðir og spennir og hlakka til að halda fögnuð daginn eftir kosningarnar,“ segir Malik Obama, hálfbróðir forsetaefnis bandaríska Demókrataflokksins.

Viða um heim birtu dagblöð í gær ýmsar útgáfur af stuðningsfyrirlesingu við Obama. Hann „á skilið að sigra“ sagði til dæmis leiðarhöfundur íriska dagblaðsins The Irish Times í gær.

„Obama er besta vonin um endurreisn Bandaríkja-



VINSÆLL Í KENÍA Á heimaslóðum ömmu Obama í Kenía mátti sjá þennan mann með veglegan hatt skreyttan myndum og fréttum af Barack Obama.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

anna,“ sagði í leiðtoga ástralsks fjármála blaðs og í Sam-einuðu arabísku furstadæmunum sagði leiðarhöfundur dagblaðsins Gulf Times að Obama geti „lagfært þann mikla skaða sem Bush-stjórnin hefur unnið á í mynd Bandaríkanna“. - gb

Breyttu druslunni í djásn í dag

Þú átt druslu sem flutt var inn á sínum tíma, fyrir verðmætan gjaldeyri. Nýtum notað í dag. Brimborg kaupir hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur: settu drusluna upp í nýrri notaðan bíl sem einnig var greitt fyrir á sínum tíma með verðmætum gjaldeyri - bíl sem eyðir minna en sá gamli.

Komdu í Brimborg í dag og nýttu notaðan gjaldeyri.

Komdu í kaffi og kleinur

Nýtum notað Endurnýtum gjaldeyri

Fáðu þér nýrri notaðan bíl hjá Brimborg

Endurnýttu gjaldeyrinn. Sparaðu, komdu druslunni í verð. Hér eru nokkur dæmi um notaðan gjaldeyri:

Ford Focus High Series



1,6 bensín beinskiptur station
Fast númer YA330
Skrd. 01/2000. Ek. 138.000 km.
Ásett verð 790.000 kr.
Aflsláttur 200.000 kr.
Tilboðsverð 590.000 kr.

Toyota Avensis



1,8 bensín sjálfskiptur station
Fast númer JR486
Skrd. 11/2001. Ek. 129.000 km.
Ásett verð 980.000 kr.
Aflsláttur 230.000 kr.
Tilboðsverð 750.000 kr.

Ford Focus Trend



1,6 bensín beinskiptur
Fast númer NU950
Skrd. 08/2002. Ek. 104.000 km.
Ásett verð 1.030.000 kr.
Aflsláttur 240.000 kr.
Tilboðsverð 790.000 kr.

Ford Focus High Series



1,6 bensín beinskiptur station
Fast númer PL366
Skrd. 04/2000. Ek. 130.000 km.
Ásett verð 790.000 kr.
Aflsláttur 150.000 kr.
Tilboðsverð 640.000 kr.

Citroën Berlingo Van



1,4 bensín beinskiptur
Fast númer AE655
Skrd. 04/2005. Ek. 83.000 km.
Ásett verð 1.170.000 kr.
Aflsláttur 400.000 kr.
Tilboðsverð 770.000 kr.

Peugeot 407



1,7 bensín beinskiptur station
Fast númer SS374
Skrd. 11/2005. Ek. 40.000 km.
Ásett verð 1.890.000 kr.
Aflsláttur 500.000 kr.
Tilboðsverð 1.390.000 kr.

Ford Focus High Series



1,6 bensín beinskiptur station
Fast númer MU217
Skrd. 09/1999. Ek. 122.000 km.
Ásett verð 610.000 kr.
Aflsláttur 120.000 kr.
Tilboðsverð 490.000 kr.

Hyundai H1



2,3 bensín beinskiptur
Fast númer VR830
Skrd. 04/2001. Ek. 116.000 km.
Ásett verð 1.450.000 kr.
Aflsláttur 660.000 kr.
Tilboðsverð 790.000 kr.

Citroën Xsara Picasso Exclusive



2,0 bensín sjálfskiptur
Fast númer BY761
Skrd. 07/2004. Ek. 80.000 km.
Ásett verð 1.440.000 kr.
Aflsláttur 450.000 kr.
Tilboðsverð 990.000 kr.

Komdu í kaffi og kleinur í Brimborg

Endurnýtum gjaldeyrinn okkar

Komdu bíldrúslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrúsluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrúsla upp í hvern betri bíl. Endurnýttu það sem þú átt með Brimborg.

**Nýtum notað í dag.
Komdu í Brimborg.**



visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

brimborg

Öruggur staður til að vera á



1 Hvað heitir félagið sem á sunnudag keypti fjölmíðlahluta 365 miðla?

2 Hvað þykir sérstakt við vígslu séra Hjartar Pálssonar sem vígður var til prests á sunnudag?

3 Hver er heimsmeistari í Formúlu 1?

SIÁ SVÖR Á Síðu 26

Danskt blað segir þekktasta hótél Norðurlandanna komið í eigu íslenska ríkisins:

D'Anglaterre í eigu ríkisins

DANMÖRK Eitt þekktasta hótél Norðurlanda, Hótél D'Anglaterre í Kaupmannahöfn, er að sögn danska blaðsins Berlingske Tiderne komið í eigu íslenska ríkisins í gegnum Nýja Landsbankann.

Blaðið greindi frá þessu í gær en þar segir að auk hótelsins eigi Landsbankinn fleiri þekkt staði eins og Kong Frederik, Front og Copenhagen Corner. Nordic Partners keypti umræddar eignir árið 2007. Þá fjármagnaði Landsbankinn kaupin og hefur Nýi Landsbankinn nú stór veð í eignunum.

Haft er eftir Gísli Reynissyni, stjórnarformanni Nordic Partn-

ers, að hann viti ekki til að samningum félagsins við Landsbankann hafi verið breytt. Hann segir þá hins vegar finna fyrir áhyggjum hjá fólki yfir því að íslenskur banki standi að fjármögnuninni.

Þá segir Berlingske að íslensku fjárfestarnir í Nordic Partners hafi verið óheppnir með kaup sín í Danmörku. Hótél D'Anglaterre og Kong Frederik séu rekin með tapi auk þess sem komið hafi í ljós að félagið hafi tekið yfir áhvílandi skuldir fyrri eigenda svo kaupverð hafi í raun verið mun hærri en þær 700 milljónir danskra króna sem áður hafa verið nefndar.



HÓTEL D'ANGLATERRE Hótelið er í miðborg Kaupmannahafnar og einna helst þekkt fyrir að þar gista jafnan stórstjórnur sem heimsækja borgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stúdentar ræða kreppuna:

Stefnumótun framtíðarinnar

FÉLAGSMÁL Stúdentatíð í kreppuhríð er yfirskrift raðar málþinga sem Stúdentaráð Háskóla Íslands stendur fyrir 5. til 7. nóvember næstkomandi.

Í tilkynningu frá Stúdentaráði segir að það vilji bregðast við ástandinu og krísunum með sínum bestu vopnum sem séu hugmyndir, opin umræða og stefnumótun framtíðarinnar.

Málþingin eru haldin milli klukkan 12 og 13 á háskólasvæðinu en þar gefst stúdentum kostur á að spyrja um peningamál, atvinnuhorfur og framtíðina. Dagskrá málþinganna má finna á slóð Stúdentaráðs, student.is. - ovd

Siv Friðleifsdóttir, Framsókn: Vill sjá minnisblöð ráðherra

ALÞINGI Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, vill að fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra birtu minnisblöð vegna funda og samtala sem þeir áttu um starfsemi Landsbankans í Bretlandi.

SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

Vill Siv að viðskiptaráðherra upplýsi hverjir voru viðstaddir fund hans og fjármálaráðherra Breta 2. september og hvaða málefni voru rædd. Jafnframt að fjármálaráðherra upplýsi um vitneskju sína um tilboð Breta um tilfærslu Icesave-reikninga í breska lögsögu gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu íslenska ríkisins.

- bps

Neytendur: Þjónusta sérfræðilækna

Dýrt að skrifa upp á lyf



DR. GUNNAR
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Dóttir gigtarsjúklings skrifar: „Mig langaði svo að koma á framfæri einu atviki sem móðir mín lenti í núna í dag. Hún hefur verið hjá gigtarlækni í sírka ár og hann skrifar upp á töflur fyrir hana. Töflurnar kosta um 5.000 kr. og það má ekki ávísa þeim nema gegn lyfseðli. Nú spyr ég: Er það edlilegt að læknir geti rúkað um 3.000 kr. fyrir það eitt að skrifa upp á lyfseðil, verk sem tekur um það bil hálfu til eina mínútu?“

Ef málið snýst eingöngu um að fá lyf sem þegar er búið að ávísa er of dýrt að fá lyfin í gegnum sérfræðing. Sérfræðingar eru dýrastir hér af öllum Norðurlandþjóðunum. Ódýrasta leiðin er að láta heimilislækninn skrifa upp á lyfin. Heimsókn til íslensks heimilislæknis kostar þúsund krónur. Heimilislæknar geta skrifað upp á öll gigtarlyf og þeir taka ekki aukalega fyrir það – það er innifalið í heimsókninni. Á Norðurlöndunum er einungis ódýrara að heimsækja heimilislækni í Danmörku, þar sem það er ókeypis.

Munið einnig eftir að biðja lækninn að skrifa upp á þriggja mánaða lyfjaskammta, þegar um er að ræða lyf sem tekin eru að staðaldri, og fá fjölnotalyfseðil.



ÓLÖF OG BÖRNING Ólöf Lilja Sigurðardóttir, dagmóðir og stjórnarmaður í Barnavistun, félagi dagforeldra, er ekki bjartsýn á framtíð stéttarinnar.

Dagforeldrar óttast um framtíð sína

Skortur er á börnum hjá dagforeldrum í Reykjavík. Mikil fækkun blasir við í stéttinni verði ekkert að gert. Þjónustusamningur frestast en ekki hefur verið hætt við hann, segir formaður leikskólaráðs.

VINNUMARKAÐUR Viðbúið er að dagforeldrum á höfuðborgarsvæðinu fækki verulega á næstu vikum. Margir þeirra hafa nú þegar aðeins tvö til þrjú börn í vistun. Þeir hafa heimild til að hafa hjá sér fjögur til fimm börn. Á tiltölulega stuttum tíma hefur staða þeirra gjörbreytt. Einungis nokkrir mánuðir eru síðan allir biðlistar voru yfirfullir.

„Nokkrar dagmæður hafa hætt nú á síðustu dögum. En margar hafa ákveðið að biða og sjá til fram yfir áramótin. Ef ástandið lagast ekki fyrir þann tíma er ljóst að mjög margar munu hætta,“ segir Ólöf Lilja Sigurðardóttir, dagmóðir í stjórn Barnavistunar, félagi dagforeldra. Hún segir viðbúið að dagforeldrum muni fækka úr um 180 um síðustu áramót, í undir hundrad um þau næstu.

Hluti skýringarinnar er að manneklá á leikskólum hefur nú að mestu verið leyst. Munurinn á verði vistunar á leikskóla og hjá dagforeldri hleypur á tugum þúsunda. Jafnvel þó að foreldrar myndu velja dagforeldri fram yfir leikskóla er munurinn svo mikill að líklega yrði ódýrari kosturinn fyrir valinu.

Niðurgreiðslur til dagforeldra nema 39.375 krónum miðað við hjón með eitt barn í vistun í nú klukkustundir. Algengt er að foreldrar greiði rúmlega fjörutíu þúsund krónur á máti. Mun ódýrara er að greiða fyrir börn í leikskóla. Þar kostar mánuðurinn fyrir hvert barn 16.236 krónur.

Félag dagforeldra fundar á fimmtudag vegna þess ástands



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR Formaður leikskólaráðs segir ekki hægt að klára þjónustusamning á meðan fjármál borgarinnar séu í uppnámi.

sem er að skapast í stéttinni. Þar verða meðal annars þær kröfur ræddar að samkeppnisstaða dagforeldra við leikskólana verði jöfnuð. Jafnframt að samstarf þeirra á milli verði aukið til muna.

Til stóð að þjónustusamningur yrði gerður milli borgarinnar og dagforeldra nú í nóvember. Ólöf er ekki bjartsýn á að af því verði. „Svo virðist sem ákvörðun hafi verið tekin um að láta dagforeldrakerfið lognast út af hægt og rólega,“ segir hún.

„Þjónustusamningurinn er alls ekki út af borðinu,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs. „Við viljum tryggja dagforeldrum betra umhverfi og foreldrum lægri gjöld með þessum þjónustusamningi. En við getum hins vegar ekki klárað hann á meðan fjármál borgarinnar eru í uppnámi.“ holmfridur@frettabladid.is

VILTU VITA MEIRA?

LIFANDI OG SKEMMTILEGIR FYRIRLESTRAR UM POLITIK Í STJÖRNAMÁLASKÓLA UNGRA JAFNAÐARMANNA.

Skólinn fer fram dagana 4. 6. og 8. nóvember í Háskóla Íslands, stofu 101 í Odda.

PRÍÐJUDAGURINN 4. NÓV. 19:30-22:00
Hafa gömlu hugmyndakerfin brugðist - þarf aðrar hugmyndir fyrir nýja framtíð? Eiríkur Bergmann stjórnmaláfræðingur og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra setur skólann og fjallar um mikilvægi jafnaðarstefnunnar í dag.

FIMMTUDAGURINN 6. NÓV. 19:30-22:00
Hugsu fyrst kaupa svo - Neytendamálin á oddinn Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra Bryndís Pétursdóttir ritstjóri Neytendablaðsins.

LAUGARDAGURINN 8. NÓV.
Stjórnun Efnahagsmála á Íslandi í dag 13:00-14:30, Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ

Framkoma og greinaskrif 15:00-16:30, Helga Vala Helgadóttir Jónas Kristjánsson blaðamaður

Í LOK FYRIRLESTRA ER GERT RÁÐ FYRIR SPIALLI Á LÉTTU NÓTUNUM. ENGIN SKÓLAGJÖLD OG ALLIR ERU VELKOMNIR.

UNGRIR JAFNAÐARMENN
HALLVEIGARSTÍG 1, 101 REYKJAVÍK - SÍMI 414 2210

B-vörur ALLT Á AÐ SELJAST

B-vörur eru sýningareintök, útlitsgölluð eða útskiptitæki. Tilboðin gilda meðan birgðir endast.

Gorenje þvottavél
7 kg, 1400 snúninga
Verð 136.737

B vöruverð:
89.000

WA72145BK



Gorenje innbyggji
upphvottavél 60 sm, AAA,
12 manna Verð 150.505

B vöruverð:
79.900

GV63320



Gorenje þurrkari
7 kg, barkalaus, rakaskynjari
Verð 119.895

B vöruverð:
89.900

D72325



Gorenje barkalaus þurrkari
6 kg, tímastillingar,
notendavæn Verð 89.671

B vöruverð:
44.900

D50210

LG keramik helluborð

Verð 99.900

B vöruverð:
44.900


KA60530A



Gorenje veggháfur 60 sm
Ryðfrítt stál, 450 m³/klst
Verð 33.684

B vöruverð:
14.900

DK450E



Gorenje veggháfur
90 sm
Verð 122.984

B vöruverð:
49.900

KD810E



Gorenje ísskápur
200 x 60 x 64 sm (hxbxd)
Verð 165.713

B vöruverð:
89.900

RK61390E

Gorenje ofn
60 sm, snertitakkar
Verð 266.405

B vöruverð:
119.900

B2000P2



Gorenje eldavél
60 sm, steypnar hellur
Verð 102.327

B vöruverð:
56.900

E2302W



Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem í boði eru.

RÖNNING

ronning.is

Borgartúni 24 • Sími 562 4011
Opnunartími: mán - fös kl. 09.00 - 18.00
Laugardaga kl. 11.00 - 16.00



FLUGSÝNING Í KÍNA Indverskir herflugmenn æfðu sig í að sýna listir sínar í Kína í gær, daginn áður en alþjóðleg flugsýning hófst.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nemendur á framhaldsstigi: Fimm þúsund stúdentar 2007

MENNTUN 5.060 nemendur brautskráðust af framhaldsskólastigi skólaárið 2006 til 2007. Það var 242 nemendum fleira en árið áður, eða fjölgun um fimm prósent.

Aldrei hafa svo margir nemendur útskrifast á framhaldsskólastigi á einu skólaári, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands. Aðeins fleiri konur en karlar voru meðal brautskráðra, eða rúm 54 prósent.

Alls 3.038 brautskráðust úr starfsnámi á framhaldsskólastigi, þar af 644 nemendur með sveinspróf. 2.561 útskrifuðust með stúdentspróf á skólaárinu og fjölgaði frá 109 frá fyrra ári. Mun fleiri konur en karlar luku stúdentsprófi, 77,4 prósent tvítugra kvenna, en 43,7 prósent tvítugra karla.

- 55


HEILBRIGÐISMÁL „Eitt af skilyrðum fyrir því að fólk komist í gegnum áföll og krísur af þessu tagi án verulegra andlegra erfiðleika eru upplýsingar,“ segir Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og fyrrverandi landlæknir, en vandlega hefur verið farið yfir það ástand sem nú ríkir í efnahagsmálum innan Landlækniseimbættisins með hliðsjón af æskilegum aðgerðum í heilbrigðisþjónustu.

Sigurður vísar í erlendar rannsóknir máli sínu til stuðnings. „Lendi fólk í jarðskjálfta vill það fá að vita hvort slysi hafi orðið á fólki, hvort einhver hafi farist, hve miklar skemmdir hafi orðið, hve nær það geti snúið heim, hve mörg stig skjálftinn hafi verið og svo framvegis, fólk er nauðsynlegt að fá upplýsingar til að takast á við vandann og huga að framtíðinni,“ segir hann.

**SIGURÐUR
GUÐMUNDSSON**



**GESTUR
ÞORGEIRSSON**



Sigurður segist sjá að fólk sem starfar innan heilbrigðiskerfisins sem og landsmenn allir velti því sífellt fyrir sér hvað verði um starf þess í þeim þrengingum sem fram undan eru. Menn vita að það eru ekki til sömu penningar og áður og fjöldi starfsmanna sem áður starfaði í byggingariðnaði, í bönkum auk vísindafólks sé farið að huga að því að flytjast til útlanda.

Á meðan óvissan er ríkjandi má skiljanlega búast við óróa,“ segir Sigurður. Hann leggur þó auk þess áherslu á að ekki megi byggja upp óraunhæfar væntingar hjá fólki. Mannskepnan búi yfir mikilli aðlögunarhæfni og geti aðlagast



HJARTAEILD Mikíð mæddi á starfsfólki hjartadeildar í upphafi mánaðarins og er ástæðan talin vera álag í samfélaginu. Þar er þó að komast á ró sem og á öðrum deildum sem mikíð reyndi á í upphafi efnahagshamfaranna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

breytingum en verði um leið að búa sig undir að lægðin geti staðið í þó nokkurn tíma en lagist ekki fljótlega.

Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir á hjartadeild, segir að veruleg aukning hafi orðið á hjartadeild í upphafi mánaðarins sem og brjóstverkjámóttöku. Það kunnist líklega að hafa orðið vegna skyndilegs aukins álags í samfélaginu. Honum finnst þó sem starf deildanna sé að nálgast eðlilegt horf.

Sigurður tekur undir orð Gestis og segir þær deildir sem mest mæddi á í byrjun október nú

ad róast. Hann ítrekar að ekki hafi orðið vart fjölgunar á sjálfsvígum eða áfengis- og ofbeldistengdum vandamálum. Það kunnist að skýrast af aukinni samkennd fólks sem skapast oft þegar glímt sé við erfiðar aðstæður.

Ekki megi þó búast við að allt sé gengið yfir, enn eigi margvísleg áföll eftir að reyna á samfélagið. Hann minnir enn á að mikilvægt sé að reyna að draga sem mest úr óvissu og huga að grunnstoðum velferðarkerfisins með því markmiði að reyna að koma í veg fyrir mikla fólksflutninga ungs fólks úr landi. karen@frettabladid.is

www.toyota.is

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA **BETRI** EN AÐRIR



Toyota Avensis W/G EXE
18" felgur, dráttarbeisli
2000 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 10.07 Ekinn: 14.000 km
Verð: 4.150.000 kr. Skr.nr. GSD70
Tilboð 3.890.000 kr.



Toyota Corolla
1400 bensín, 5 gíra
Á götuna: 06.07 Ekinn: 56.000 km
Verð: 1.960.000 kr. Skr.nr. NF-871
Tilboð 1.730.000 kr.



Toyota Yaris Sol
1300 bensín, 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 43.000 km
Verð: 1.650.000 kr. Skr.nr. MF-035
Tilboð 1.490.000 kr.



Toyota RAV4
2000 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 64.000 km
Verð: 2.540.000 kr. Skr.nr. UG-561
Tilboð 2.190.000 kr.



Toyota Corolla W/G Sol
1600 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 10.03 Ekinn: 79.000 km
Verð: 1.330.000 kr. Skr.nr. RU-587
Tilboð 1.090.000 kr.



Toyota Prius Hybrid
1500 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. OU-719
Tilboð 2.350.000 kr.

BNB-sölugreining

Bílarir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla með 12 mánaða viðbótarábyrgð.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Íslensku divurnar FROSTRÓSIR

Tenorarnir &
góðir gestir



2008



STÓR-JÓLATÓNLEIKAR FROSTRÓSA

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA, KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR, SKÓLAKÓR KÁRSNESS, STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR OG ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN. TÓNLISTARSTJÓRI ER KARL O. ÓLGEIRSSON OG STJÓRNANDI HLJÓMSVEITAR ÁRNI HARÐARSON.

HÖLLINI AKUREYRI

12. DESEMBER

LAUGARDALSHÖLL

13. DESEMBER

GUÐRÚN ÁRNÝ EDGAR SMÁRI MARGRÉT EIR EIVØR HERA BJÖRK DÍSELLA GARÐAR THOR CORTES JÓHANN FRÍÐGEIR

Sérstök forsala fyrir meðlimi í vefsamfélagi Frostrósa hefst í dag kl. 12:00

Tölvupóstur þess efnis verður sendur kl. 12:00 á alla meðlimi

MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10:00 Á **midi.is**

Gleðjumst og gefum með Frostrósum



Fyrir hvern seldan miða gefum við jólagjöf til þeirra er minna mega sín auk þess sem við bjóðum hundruðum á tónleikana. Fjölmennum á Frostrósir og gleðjum þannig þúsundir fjölskyldna fyrir jólin.



Íslensku divurnar og gestir
FROSTRÓSIR
Um allt land 2008



FROSTRÓSIR UM LANDIÐ - 4. - 9. DES.

Stórglæsilegir jólatónleikar í kirkjum og samkomuhúsum í nokkrum af helstu kaupstöðum landsins með enn stærri hljómsveit og veglegri umgjörð en áður.

Flestir aðalflytjendanna í ár, þ.e. þau Margrét Eir, Hera Björk, Guðrún Árný, Jóhann Friðgeir og Edgar Smári, færa landsmönnum jólin í ár í fylgd fjölda hljóðfæraleikara og barnakórs.

4/12 Ísafjörður – Ísafjarðarkirkja

5/12 Höfn í Hornafirði – Ípróttahúsið á Höfn

6/12 Eskifjörður – Menningarmiðst. í Fjarðarbyggð

7/12 Stykkishólmur – Stykkishólmskirkja

7/12 Ólafsvík – Félagsheimilið Klif

9/12 Vestmannaeyjar – Höllin Vestmannaeyjum



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

...flytur
Frostrósir
um landið

FROSTRÓSIR
...FÆRA ÞÉR JÓLIN

www.frostrósir.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]**OMX ÍSLAND 15**
653 **+0,22%**Fjöldi viðskipta: 43
Velta: 22 milljónir**MESTA HÆKKUN**↑ **ATORKA** +30,00%
↑ **EIK BANKI** +2,75%
↑ **ÖSSUR** +0,22%**MESTA LÆKKUN**↓ **BAKKAVÖR** -3,85%
↓ **ICELANDAIR** -2,21%
↓ **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** -1,49%**GENGISVÍSITALA KRÖNNAR:** 217,4 +4,57**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atorka 0,65 +30,00% ... Bakkavör 5,00 -3,85% ... Eimskipafélagið 1,32 -1,49% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,30 -2,21% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 72,40 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 89,60 +0,22%**viðskipti**Umsjón: MARKAÐURINN **nánar á visir.is****Stöðutökur gegn krónu ekki óvæntar**

„Krónan var allt of hátt skráð og allt of lengi, svo veruleg lækkun var fyrirsjáanleg,“ segir Hallur Magnússon, ráðgjafi og fyrrverandi sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði. Hann segir stöðutökur gegn krónunni því ekki hafa komið á óvart.

Gengi krönnunnar hefur hrundi á árinu. Gengisvísitalan var um 120 um síðastliðin áramót, en nú er markaðsgengi ekki til. Gengisvísitalan fór yfir 200 áður en bankakerfið hrundi. Gengið hafði lækkað í stórum stökum skömmu fyrir lok ársfjórðunga. Bankarnir hafa aldrei neitað því að hafa fellt gengið, en sagst þurfa að verja sitt eigið fé.

Greint var frá því í Morgunblaðinu í gær að stöðutökur gegn krónunni næmu að minnsta kosti 600 til 720 milljörðum króna. Að baki væru bæði innlendir og erlendir aðilar.

**GYLFI**
MAGNÚSSON**HALLUR**
MAGNÚSSON**ÁRNI**
TÓMASSON

Ekki er þó skýrt hvort þetta séu þær stöðutökur sem urðu til þess að gengi krönnunnar féll fyrr á árinu.

Árni Tómasson, formaður skilanevndar Gltinis, gat ekki staðfest þetta þegar Markaðurinn ræddi við hann í gær. Ekki náðist í aðra skilanevndarformenn.

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla

Íslands, segir að stöðutökur gegn krónunni feli „einfaldlega það í sér að eiga minni eignir en skuldir í krónu, og þá væntanlega um leið meiri eignir en skuldir í erlendri mynt“. Þetta megi gera með ýmsum hætti. Bæði að taka lán í krónum og kaupa gjaldeyri um leið eða gera framvirka samninga um gjaldeyriskaup sem hefðu sambærileg áhrif.

Bankarnir hafi fært stóran hluta af sínu eigin fé í erlenda mynt, „með vitund og samþykki yfirvalda,“ segir Gylfi og vísar þar til Seðlabanka og Fjármálaeftirlits. Því hafi bankarnir hagnast á pappír þegar gengi krönnunnar féll. „Það var uppistaðan í bókfærðum hagnaði bankanna fyrri hluta þessa árs og undir lok síðasta árs. Slíkur hagnaður í krónum bjó þó ekki til neitt meiri erlendan gjaldeyri hjá bönkunum, sem þá sárlega vantaði.“ - ikh

Alfesca

Aðalfundur Alfesca hf. verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, þriðjudaginn 18. nóvember 2008 klukkan 13:00

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins fyrir síðastliðið starfsár, ásamt athugasemdum endurskoðenda.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Ákvörðun stjórnarlausna.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Kjör stjórnar til eins árs.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
9. Tillaga um breytingar á samþykktum:
 - Tillaga um breytingu á ákvæði samþykta félagsins sem viðkemur rafrænni þátttöku hluthafa. Stjórn veitt heimild til að ákveða hvort og hvernig rafrænni þátttöku hluthafa er háttað og atriði er viðkoma framkvæmd slíkrar þátttöku hluthafa skýrð.
10. Tillaga um arðstefnu félagsins.
11. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar til umræðu á fundinum verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.

Dagskrá fundarins, ársskýrslur og endanlegar tillögur verða aðgengilegar hluthöfum á skrifstofum félagsins að Kringlunni 7, 103 Reykjavík, sjö dögum fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað sem og á skrifstofum félagsins fimm dögum fyrir fundinn.

Hluthöfum er gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflaga. Geta hluthafar óskað eftir að fá atkvæðaseðla senda og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist skrifstofu félagsins fimm dögum fyrir fundinn. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði. Atkvæði þannig greidd skulu hafa borist skrifstofu félagsins fyrir upphaf fundar.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins, www.alfesca.com.

Stjórn Alfesca hf.

**MÁR GUÐMUNDSSON** Aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagreiðslubankans telur að fall íslensku bankanna megi rekja til galla í evrópsku fjármálakerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**Rangt brugðist við bankahruni**

Íslendingar geta hætt þátttöku í alþjóðlegum fjármálum og innri markaði Evrópu, myndað smárikja-samband, ellegar gengið alla leið, í Evrópusambandið og tekið upp evru. Þetta segir Már Guðmundsson, fyrrverandi aðalhafsræðingur Seðlabankans og aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagreiðslubankans í Sviss.

Ísland gæti dregið sig út úr alþjóðlegu fjármálakerfi og innri markaði Evrópu. Þetta er meðal þriggja atriða sem Már Guðmundsson, fyrrverandi aðalhafsræðingur Seðlabankans og aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagreiðslubankans í Sviss, nefnir sem möguleika Íslands við núverandi aðstæður.

Hann nefndi kostina þrjá á fundi í Reykjavík fyrir viku, þar sem rætt var um smáriki og heimskreppuna. Meðal viðstaddra voru Lars Christiansen, aðalhafsræðingur Danske bank, en fundurinn bar yfirskriftina „Reinventing Bretton Woods“.

Már nefndi í öðru lagi að á

alþjóðavettvangi gætu smáriki komið saman í sérstöku fjármálakerfi og með eigin gjaldeyrismarkað. Í þriðja lagi gangi Ísland í Evrópusambandið og taki upp evru. Í kjölfarið gæti Ísland á þeim vettvangi kallað eftir umbótum á fjármálakerfi Evrópu.

Már telur að viðbrögð við bankahruninu hér hafi verið röng. Miðað við greiðslufærni, stærð, alþjóðlega starfsemi þeirra og kerfislegt mikilvægi íslensku bankanna, hefði verið æskilegt að reynt hefði verið að aðstoða bankana við að greiða skuldir sínar. Þetta hafi ekki verið gert.

Már rekur að í Evrópska efnahagssvæðinu felist meðal annars frjálst flæði fjármagns, auk sam-eiginlegs laga og regluverks. Hins vegar hafi „öryggisnetið“, til að mynda innstæðutryggingar, verið á hendi hvers ríkis, sem og þrautarvaralán. Þá séu viðbrögð við áföllum á hendi hvers ríkis. Mikil áhætta hafi verið fólgin í þessu fyrirkomulagi, einkum og sér í lagi fyrir smáriki utan evrusamstarfsins.

Þetta kemur fram á glærum frá fundinum í Reykjavík. Þar kemur jafnframt fram að skoðanir sem þar komi fram þurfi ekki endilega að endurspegla skoðanir Alþjóðagreiðslubankans.

ingimar@markadurinn.is

Samdráttur í Evrópu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tilkynnt að kreppa sé hafin í álfunni. Ráðið segir að hagvöxtur á evrusvæðinu hafi dregist saman um 0,2 prósent á öðrum ársfjórðungi og muni dragast saman um 0,1 prósent bæði á þriðja og fjórða ársfjórðungi. Þá gerir hagvaxtarspá ráðsins nú ráð fyrir stöðnun á næsta ári, eða 0,1 prósent vexti. Hagfræðingar sem Bloomberg-fréttastofan ræðir við segja þá spá í hærrí kantinum.

Samdrátturinn mun leiða til aukins atvinnuleysis, en gert er ráð fyrir að atvinnuleysi fari í 8,4 prósent á næsta ári.

Mario Draghi, einn af bankastjórum Seðlabanka Evrópu, sagði á föstudag að aðildarríki Evrópubandalagsins kynnu að þurfa að grípa til aðgerða til að viðhalda eftirspurn með því að auka ríkisútgjöld. „Það bendir allt til þess að ríki þurfi að auka útgjöld til að viðhalda eftirspurn í heimshagkerfinu.“

Seðlabanki Evrópu hefur til þessa talað fyrir aðhaldi í ríkisfjármálum. Öll evruríkin hafa skuldbundið sig til að halda halla á ríkisfjármálum innan við þrjú prósent af landsframleiðslu.

- msh

5125050 Auglýsingasími

- Mest lesið

VAXTALAUSIR DAGAR

DÆMI UM VERÐ

King Koil Avery
(Queen size 153x203)

kr. 9.119

í 18 mánuði eða

kr. 155.000 staðgreitt

DÆMI UM VERÐ

T-140 svefnsófi

kr. 11.631

í 18 mánuði eða

kr. 198.900 staðgreitt

DÆMI UM VERÐ

Leður rúmstæði
með heilsudýnu (160x200)

kr. 14.394

í 18 mánuði eða

kr. 247.181 staðgreitt

DÆMI UM VERÐ

Fjölstíllanlegt þýskt heilsurúm
með heilsudýnu (2x80x200)

kr. 22.669

í 18 mánuði eða

kr. 391.800 staðgreitt

SEGJUM VERÐBÓLGUNNI STRÍÐ Á HENDUR

Nú getur þú eignast rúmið sem þig langar í og skipt greiðslunni niður á 18 mánuði með Visa eða Euro og ekki greitt krónu í vexti.

DÆMI UM VERÐ

Clove svefnsófi

kr. 5.617

í 18 mánuði eða

kr. 93.800 staðgreitt

DÆMI UM VERÐ

Sophia svefnsófi

kr. 4.587

í 18 mánuði eða

kr. 75.800 staðgreitt

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

Rekkjan hefur frá upphafi selt bandarísku heilsurúmin frá King Koil sem þykja með þeim allra bestu í heiminum í dag. Sem dæmi má nefna að dýnurnar frá King Koil eru þær einu á markaðnum í dag sem eru með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíropraktora) og Good housekeeping sem eru stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum.



rekkjan

H E I L S U R Ú M



FJARPJÁLFUN hentar sumum til að komast í gott form. Einkapjálfi og viðskiptavinur eiga þá samskipti í gegnum Netið. Þjálfi afhendir viðskiptavini æfingaáætlun og hann skilar árangurs- og matardagbók á móti.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Bættu um betur!

Leiðrétting á auglýsingu sem birtist mánudaginn 3. nóvember í Fréttablaðinu

Hófst þú nám í húsasmíði en laukst því ekki?

Ertu starfandi í greininni eða í grein henni tengdri?

Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?

Bættu um betur – Húsasmíði er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveisprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **ÍÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Þar er einnig hægt að skrá sig á kynningarfund sem verður haldinn miðvikudaginn 5. nóvember kl. 18.00 að Skúlatúni 2, 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.



Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur stundar jóga og tónlistarleikfimi í Kramhúsinu sér til heilsubótar.

Mátulegur hamagangur

Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur stundar heilsurækt í Kramhúsinu og Baðhúsinu. Þangað sækir hún jógatíma og dansar afródans og ballett í músikleikfimitímum auk þess að lyfta.

„Ég er í músikleikfimi hjá Hafðísi sem stofnaði Kramhúsið. Það er ótrúlega skemmtilegt, mikið af teygjuæfingum og alls konar danssporur. Við erum eins og ballerínur og afródansarar til skiptis,“ útskýrir Guðrún Eva Mínervudóttir þegar hún er innt eftir því hvernig hún haldi sér í formi. Guðrún hefur sótt Kramhúsið í nokkur ár og líkar vel.

„Þetta er góður félagsskapur og mjög góð stemning. Þarna er mátulega mikill hamagangur og ekkert of hörð keyrsla en ég er ekkert fyrir hraða leikfimi,“ segir

hún og hlær. Guðrún Eva situr daglangt við skriftir og segir nauðsynlegt að hreyfa sig reglulega. Hún hefur fundið fullkomna blöndu af hreyfingu sem hún fær ekki leiða á en auk músikleikfiminnar stundar hún jóga og lyftir.

„Það eru rosalega góðir jóga tímar í Kramhúsinu. Þar er ekki reynt að búa til leikfimi úr jóganu heldur eru tímarnir bara rólegir og slakandi og endurnærandi eins og þeir eiga að vera. Svo finnst mér líka gott að fara einu sinni í viku í Baðhúsið til að lyfta og fara svo í pottinn á eftir.“

Guðrún Eva hefur hollustuna bak við eyrað þegar kemur að mataræðinu og segir hollan mat betri en óhollan. „Mér finnst ekki gott að borða drasl en annars er ég ekki með neinar tiktúrur í mat. Reyni bara að borða venjulegan og hollan mat. Ég hef aldrei farið í sérstakt átak. Þetta snýst frekar um að halda sér í sæmilegu formi og viðhalda góða skapinu og orkunni. Ég vinn algera kyrrsetuvinnu og ef ég fer ekki í leikfimi þá fæ ég strax vöðvabólgu, ég er alveg búin að læra það.“

heida@frettabladid.is

Kafbátur mánaðarins

NÓVEMBER

BMIT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum

18 Subway staðir um allt land

SUBWAY
í fínu formi

6 tommu bátur

329 kr.

Gildir í nóvember 2008. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Stjörnumáli.



Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

04. nóv. Líkamstaða, skrifstofuumhverfið og æfingar
Haraldur Magnússon osteópati

11. nóv. Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
Mattí Ósvald heilsuráðgjafi

27. nóv. Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

02. nóv. Heilbrigði og hamingja
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

Árskort í tækjasal aðeins 3.333 kr. á mánuði*

* Skuldbinding í ár.
Heilsuakademían í Egillshöll - frábær tækjasalur, opnir tímar og landsins mesta úrval námskeiða
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

heilsuakademían

Sýnir útkomu lýtaaðgerða

Forrit sem sýnir útkomu lýtaaðgerða og tannréttinga verðlaunað.

Nýtt forrit, hugsað sem hjálpar-tæki í lýtaaðgerðum og tannréttingum, hefur unnið til Gannochy Trust-frumkvöðlaverðlauna Royal Society of Edinburgh.

Forritið, D13D, býr til þrívíddarmyndir úr ljósmyndum af sjúklingum og getur spáð fyrir hvernig viðkomandi lítur út eftir aðgerð. Hönnuðurinn, dr. Colin Urquhart, segir verðlaunin vera sér og sínum starfsbræðrum mikil hvatning.

Forritið hefur þegar verið tekið til notkunar víðs vegar um heim og hefur kvikmyndaiðnaðurinn séð sér leik á borði með notkun þess.



D13D er notað til að spá fyrir um útkomu tannréttinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Það er mikilvægt að gleyma ekki rómantíkinni og því að næra hvort annað á ást og samlífi þótt lítið barn hafi bæst við fjölskylduna. NORDICPHOTOS/GETTY

Hlúð að ást foreldra

Við tvö og barnið okkar er yfirskrift á málþingi þar sem ástarsamband foreldra er í öndvegi.

Breytingar á sambandi og lífi foreldra eftir að barn þeirra er komið í heiminn er umfjöllunarefni málþingsins. Bent er á mikilvægi þess að hlúa vel að sambandinu og undirbúa það vel fyrir þann mikilvægasta atburð lífsins sem barnsfæðing er.

Rannsóknir hafa sýnt að sjö af

hverjum tíu foreldrum upplifa minni ánægju í sambandi sínu fyrstu árin eftir að barn þeirra fæðist, en fjallað verður um leiðir til að viðhalda neistanum og öðlast meiri ánægju og vellíðan hjá foreldrum, því ánægðir foreldrar eru ávísun á gott uppeldi og meiri lífsgleði.

Fræðslunefnd NFLÍ og ÓB ráðgjöf standa fyrir málþinginu sem hefst í dag klukkan 16.30 í Laugar- sal í World Class Laugum. - þlg

SHAKE YOUR SOUL!® the Joy of Dancing

Hristu sálina!

- með dansinum þínum

Hver ertu þegar þú dansar?

Ummæli þátttakanda:
Það var frábært að koma og vera með um helgina. Það veitti svo mikilli gleði inn í líf mitt og þessi kynni af dansnámskeiðum þínum hafa reynst mér hvílik innspýting á gleði. Ég elska að dansa!
- Sigrún Theódórsdóttir

Helgarnámskeið 14. nóvember
í Gerðubergi Reykjavík

Komdu og vertu með!

Púlsinn námskeið

Marta Eiríksdóttir

Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

Flott í vetur...
Stinnari líkami á aðeins 4 vikum

Alhliða dömupakki
Slendertone belti + buxur + armar þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 42.900.-

System belti fyrir kvíðsvöðva dömu / herra kr. 24.900.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Oxyal™ Augndropar

Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.

Fæst í apótekum

JOMOS herraskór - Þýsk gæðavara

Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali. Staerðir: 41 - 47
Litir: svart og brúnt
Verð: 9.950.- 12.450.-

Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

„Aldrei verið hressari!“

Original Arctic Root

Ein vinsælasta lækningajurt heims

Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.

Vinnur gegn streitu og álagi

Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi og nýtur nú mikilla vinsælda.

Heilsuvara ársins í Svíþjóð 2003, 2004 og 2005

Fæst í apótekum og heilsubúðum.

Original Arctic Extract

heilsa
-hafðu það gott

fyrirtækjagjafir

ÞRIÐJUDAGUR 4. NÓVEMBER 2008



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Skóddagar í viku!

31. október – 7. nóvember

Jói útherji

KNATTSPYRNUVERSLUN

Ármúla 36 – s. 588 1560

EKKI LÁTA ÞETTA FRAMHJÁ ÞÉR FARA!

Fótboltaskór á góðu verði.

20% AFSLÁTTUR



Gjafir sem lifa lengur

Bækur hafa notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina á íslenskum heimilum og því gæti gjafaáskrift í bókaklúbb verið kjörin jólagjöf í ár.

„Við erum með bókaklúbb sem kallast Hugar, líkami og sál,“ segir Hildur Þormóðsdóttir, framkvæmdastjóri bókaforlagsins Sölku. „Við sendum út bækur fjórum sinnum á ári og erum með verðið um það bil 30 prósentum lægra en í bókabúðunum. Flestar bækurnar eru á 2.000 krónur og er sendingarkostnaðurinn innifalinn í því.“

Að sögn Hildar geta allir skráð sig í bókaklúbb Sölku. Ekkert árgjald er í bókaklúbbinn, en greitt er fyrir hverja bók sem send er heim til viðskiptavina. Hildur bendir enn fremur á að fólk geti afþakkað og endursent bækurnar líki þeim ekki þakkin. „Hægt er að skipta bók út eða fá bækur endurgreiddar innan tíu daga eftir að þær hafa verið sendar heim,“ bendir hún á.

„Við bjóðum upp á gjafakort í bókaklúbbinn. Er þá algengast að fólk borgi fyrirfram fyrir tvær sendingar, eða sem samsvarar sex mánaða áskrift,“ segir Hildur og bætir við að hægt sé að kaupa

ársáskrift, sem samsvarar fjórum bókum. „Það eru ákveðnar bækur sem við sendum út, en hægt er að skipta bókinni sem send er heim fyrir aðra bók hjá Sölku ef sú er löngunin. Við erum aðallega með sjálfræktarbækur í þessum klúbbi eins og nafnið Hugar, líkami og sál ber með sér. Þetta eru allt uppbyggilegar bækur, heilsuþætandi bæði fyrir líkama og sál,“ segir hún.

Kristinn Arnarson, framkvæmdastjóri Eddu útgáfu, telur gjafaáskrift í bókaklúbb tilvalda jólagjöf og skemmtilega leið til að gefa gjöf sem lifir dálítið lengur. Edda starfrækir fimmtán mismunandi bókaklúbba. Skuldbinding við þá er að öllu jöfnu þrjú mánuðir, en það er þó mismunandi eftir klúbbum.

„Við erum með bóka- og áskriftarklúbba fyrir alla fjölskylduna. Kiljurnar eru sendar út sex sinnum á ári, eða annan hvern mánuð,“ segir Kristinn og bætir við að sumir klúbbarnir sendi einu sinni í viku.

Bókaklúbbsáskrift Eddu er greidd mánaðarlega eða greitt er fyrir hverja sendingu líkt og hjá Sölku.

- aðv



Kristinn Arnarson hjá Eddu telur gjafaáskrift tilvalda jólagjöf.



Hildur Þormóðsdóttir mælir með gjafakorti í bókaklúbb Sölku.



Bækur eru vinsælar gjafir á Íslandi og því ekki úr vegi að gefa áskrift í bókaklúbb.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Haltu þér á floti

Frábært gólfefni

Verð frá:

1.990 kr.



Góð lausn frá Steypustöðinni MEST

Hringhelli 2
220 Hafnarfirði

Hrísmýri 5
800 Selfossi

Sími 4 400 400
www.mest.is

Malarhófi 10
110 Reykjavík



Bogi Jónsson og Narumon Sawangjaitham bjóða upp á dekur og góðan mat fyrir hópa.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Slökun og matur í jólagjöf

Í skammdeginu er ekki úr vegi að fyrirtæki geri vel við starfsfólk sitt með því að lauma gjafabréfi með dekri og mat í jólapakkann.

Hjá Gullna hliðinu á Álftanesi er ekki boðið upp á hefðbundin jólahlaðborð en þar geta gestir notið taflenskrar matargerðar eftir dekur og nudd.

„Við ákváðum að vera ekki með neitt sérstakt jólatengt því við höfum orðið vör við það síðustu ár að fólk finnst svo gott að fá eitthvað annað en hefðbundið jólahlaðborð. Það andvarpar bara af létti þegar það kemur hingað inn,“ segir Bogi Jónsson, annar eigenda Gullna hliðsins. Þar er boðið upp á gjafabréf bæði fyrir einstaklinga og hópa í jurtagufubað og sjópott eða nudd, jurtagufubað og sjópott og hópar geta svo bætt við mat á eftir. „Við tökum bara einn hóp á dag þannig að fólk fær alveg að vera í friði út af fyrir sig. Stundum hefur það jafnvel smá fund fyrst og fer svo í dekur og mat á eftir.“


Í Japanska baðinu og veitingahúsinu Gullný á Skúlagötu 40 geta einstaklingar og fyrirtæki keypt gjafabréf í dekur og góðan mat á eftir. Ylfa Carlsson eigandi segir gjafabréfin vinsæl af fyrirtækjum.

„Jólatilboðið köllum við Fulla meðferð og mat, en þá fer fólk í



Eftir heitan pott og nudd er gott að slaka á yfir góðum málsverði í Japanska baðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Slakað á þreyttum vöðvum í heitum potti fyrir nudd í Japanska baðinu á Skúlagötu.



Fólk er þvegið og skrúbað frá toppi til tár upp úr sápum og söltum í Japanska baðinu.

skrúbað og er þvegið og skrúbað frá toppi til tár upp úr sápum og söltum. Svo fer það í heitan pott til að slaka á og þenja út vöðvana og fer í klukkutíma nudd á eftir. Eftir þessa meðferð er matur og meira að segja hægt að leggja sig uppi í sófa eftir hann.“

Ylfa segir fólk hafa þörf fyrir að slaka á og hafi eftirspurnin eftir dekri aukist síðustu vikur.

„Það koma alls konar hópar til okkar og þetta er vinsæl gjöf, sérstaklega núna á þessum síðustu tímum. Oft var þörf en nú er það nauðsyn.“

- rat

Jólaskraut í pakkann

Íslenskt handverk á alltaf vel við í jólapakkann og ekki úr vegi að fyrirtæki styrki innlenda framleiðslu þegar kemur að vali jólagjafa handa starfsfólki.

Vandinn liggur helst í því að finna eitthvað sem flestum gæti líkað. Jólaskraut er bæði sniðug og nyt-samleg fyrirtækjagjöf en flest fyrirtæki afhenda jólagjafir til starfsmanna eitthvað fyrir jól. Íslenskt handverksfólk og listamenn sýndu vörur sínar í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina og þar mátti meðal annars finna handgerðar jólakúlur eftir leirlistakonuna Ólöfu Erlu Bjarnadóttur. Kúlurnar eru látlausar og ættu að falla í kramið hjá flestum og alltaf er pláss fyrir fallett jólaskraut í gluggann.

Á heimasíðu Handverks og hönnunar, www.handverkoghonnun.is, er að finna upplýsingar um listamenn og vörur þeirra. Einnig má finna skemmtilegar íslenskar gjafir á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar Íslands, www.honnunarmiðstod.is.

- rat



Jólakúlur eftir listakonuna Ólöfu Erlu Bjarnadóttur eru sniðugar í jólapakkann og tilvalið að styrkja innlenda framleiðslu.



Öðruvísi Jólahlaðborð

Upplifðu öðruvísi jólahlaðborð í öðruvísi umhverfi.

Sjávarréttahlaðborð í bland við hina hefðbundnu jólahlaðborðsrétti.

*Tökum á móti smærri sem stærri hópum,
allt að 150 manns.*



Humarskipið - Sími: 562 2300 - www.humarskipið.is



Partí og töfrateningar

„Heitasta spilið í heiminum nú er Rubik Revolution-töfrateningurinn, sem talar íslensku, er raf-rænn og var kosinn leikfang ársins í Bandaríkjunum í fyrra. Hann er loks fáanlegur hér heima, en á hverri hlið er einn leikur og ljós í miðju teningsins sem maður eltir til að leysa ákveðið dulmál til að geta brotið kubbinn upp,“ segir Guðjón Guðmundsson, eigandi Nordicgames, sem flytur inn og gefur út á íslensku flest af vinsælustu spilum ver-

aldar fyrir fulloröna, börn og alla fjölskylduna til að spila saman.

„Það spil sem við höfum mest selt af í gegnum tíðina er Sequence, en það er mest selda spil í heiminum án nokkurra auglýsinga og hefur eingöngu spurst út á milli manna. Það sameinar að vera einfalt, mjög skemmtilegt og krefjast hugsunar. Þá stoppar Partý & Co Extreme-spilið aldrei við, enda kallað besta spil allra tíma af mörgum og sameinar öll skemmtilegustu spil heims í einu,“ segir Guðjón sem býst við miklum vinsældum nýútgefna spila í ár.

„Trans Europa og Cartagena eru ný og spennandi fjölskylduspil og nú bætist við þriðja spilið í Ticket to Ride-seríunni sem heitir Norðurlöndin. Það gengur út á að safna lestarleiðum á milli borga á Norðurlöndum og er feikivinsælt. Ticket to Ride fékk verðlaun sem besta spil ársins í fimmtán löndum fyrstu árin sem það kom á markað.“

Sjá nánar á www.nordicgames.is. - blg

Rubik Revolution-töfrateningurinn er raf-rænn og talar íslensku.



Ticket to Ride er frábært fjölskylduspil, en nýjasta útgáfan snýst um lestarleiðir á Norðurlöndunum.



Geiturnar koma sér vel fyrir fátæka í Afríku.



Brunnar og búfénaður á borð við geitur og hænur eru vinsælar gjafir að sögn Bjarna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að láta gott af sér leiða

Fyrirtæki sem vilja láta gott af sér leiða geta keypt gjafabréf af Hjálparstarfi kirkjunnar. Þau er hægt að skoða á síðunni gjofsemgefur.is.

„Það er tvennt sem sker sig úr á gjafabréfasíðunni hvað vinsældir varðar, það eru brunnar og geitur,“ segir Bjarni Ólafsson, verkefnastjóri hjá Hjálparstofnun kirkjunnar. „Hægt er að gefa hlutdeild í brunni með 5.000 króna framlagi. Síðan hafa eitt og eitt fyrirtæki gefið heilan brunn. Starfsfólkið fær jólakveðju þess efnis að fyrirtækið hafi í nafni starfs-

manna gefið brunn sem gerður verði í Malaví eða Mósambík. Hann kostar um 190.000 krónur.

Við hjálpum fjölskyldum að hjálpa sér sjálfar og það virkar mjög vel að gefa búfé. Hugsum okkur fjölskyldu sem fær tvær geitur sem síðan fjölga sér hratt. Þá fær fólkið bæði mjólk og kjöt. Sú kvöð fylgir með að fjölskyldan gefi síðan eina geit af sínum stofni til einhvers sem þarf hennar með.“

Það er líka þakklátt að frelsa börn úr ánaud á Indlandi að sögn Bjarna. „Þeir lægst settu á Indlandi fá stundum lán hjá atvinnurekendum sínum út úr neyð. Veðin

í þeim lánnum eru börnin á heimilinu. Þau fara að vinna hjá atvinnurekandanum en launin eru svo lág að þau geta aldrei borgað lánið. Við erum í tengslum við mannréttindasamtök sem aðstoða fjölskyldurnar við að frelsa börnin og koma þeim í skóla. Það kostar að meðaltali 5.000 krónur og þetta er falleg gjöf.

Við erum líka með innanlandsaðstoð á gjafabréfasíðunni. Það er framtíðarsjóðurinn sem styrkir efnalítla unglinga á Íslandi til að ljúka framhaldsskóla og hefja lánshæft nám. Allt þetta hentar vel fyrirtækjum sem vilja gefa gjöf sem gefur.“ - gun



Lífrænar og gómsætar jólagjafir



Körfurnar frá Biovörum er fullar af spennandi og bragðgóðum lífrænum vörum. Frábær gjöf á góðu verði fyrir þá sem að hugsa um heilsuna. Hafið sambandi og við getum sérsniðið körfur að ykkar þörfum.

www.biovorur.is, biovorur@biovorur.is, sími: 585-8750

BIOVÖRUR



Ferðahandbækur getað varpað nýju og skemmtilegu ljósi á áfangastaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ný sýn á náttúru landsins

Viðbúid er að fleiri kjósi að ferðast innanlands á næstu mánuðum og því eru ferðahandbækur, með léttu og skemmtilegu fræðsluvafi, tilvaldar í jólapakkann í ár.

101 Ísland: Áfangastaðir í alfaraleið er vegahandbók sem hentar fyrir ferðalanga nútímans. Þar eru lesendur kynntir fyrir stöðum sem eru annaðhvort á fátáru vit-orði eða að vinsælir og jafnvel heimsfrægir áfangastaðir eru sýndir í nýju ljósi. Þá er ljósi brugðið á þjóðarsöguna og sérkenni þjóðarsálarinnar. Eins og heiti bókarinnar gefur til kynna eiga staðirnir sameiginlegt að vera í alfaraleið við þjóðvegi landsins.

Í Ferðahandbók fjölskyldunnar er sagt frá stöðum sem eru í senn áhugaverðir og fjölskyldu-

vænir, þar sem börn geta unað sér í guðsgrænni náttúrunni og kostar jafnframt ekkert að upplifa. Markmið höfundanna, Tómasar Guðmundssonar og Bjarnheiðar Hallsdóttur, er að fá fólk til að skoða, upplifa og njóta og slaka á.

Helstu sögustaðir landsins frá landnámsöld til vorra daga eru til umfjöllunar í endurbættri útgáfu af Sögustöðum Íslands eftir Örn Sigurðsson. Sögustaðirnir, sem eru rúmlega 280 talsins, eru ýmist staðir þar sem sögulegir eða voveiflegir atburðir hafa átt sér stað og er vísað til þeirra á kortum. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda og teikninga sem gaman getur verið að fletta í gegnum á ferðalaginu og lesmálið er á íslensku, ensku og þýsku.



GEFÐU GÓÐA JÓLAGJÖF

...gefðu Gjafabréf á Silfur

Gjafabréf

silfur
...við austurvöll

Fáðu upplýsingar í síma: 578 2008 eða info@silfur.is



Pósthússtræti 11
101 Reykjavík
Sími: 578 2008
info@silfur.is
www.silfur.is

silfur
...við austurvöll

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

kemur út þriðjudaginn 25. nóvember.

Matur, gjafir, viðtöl, föndur og fleira
Allt um jólaundirbúninginn, jólamatinn og jólastemninguna
í Jólblaði Fréttablaðsins 2008.



Nánari upplýsingar veita:

Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is & Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is



GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA

Falleg gjafakarfa með úrvali af bragðgóðum íslenskum ostum er tilvalin jólagjöf handa starfsfólki og viðskiptavinum



Á vefsíðu okkar www.ostur.is er að finna nánari upplýsingar um sælkerastakörfurnar okkar og ostana sem í þeim eru.

Þú færð ráðgjöf og tilboð hjá sölufulltrúum okkar í eftirfarandi símanúmerum;
Söludeild Reykjavík s. 569 2200 og söludeild Akureyri s. 460 9610.

Einnig geturðu sent fyrirspurnir á netföngin ostakorfur@m.s.is og soludeild@m.s.is eða með bréfsíma í númer 569 2222.



www.ostur.is

MIJÓLKURSAMSALAN



Háloftabrautin í Adrenalíngarðinum á Nesjavöllum býður upp á sextán þrautir. Þar reynir á hæfni og þor.

Hellar og háloftabraut

Gjafir sem styrkja starfsandann í fyrirtækjum geta verið í ýmsu formi. Ævintýri og afþreying í íslensku náttúru eru þar á meðal. Þær koma öllum í gott skap.



Adrenalín skipuleggur hópefli.

„Við tengjumst Adrenalíngarðinum á Nesjavöllum og erum með jöklaferðir, hellaferðir og alls konar leiki og þrautir,“ segir Óskar Helgi Guðjónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Adrenalíns, sem skipuleggur hópefli fyrir félagsamtök og fyrirtæki. Hann er boðinn að lýsa möguleikunum aðeins nánar.

„Í Adrenalíngarðinum er hægt að velja um tvenns konar dagskrá. Adrenalínsveiflan felst í mismunandi þrautum sem byrja allar á jörðu niðri og hækka sig upp en

í háloftabrautinni er fólk fest í stálvír og getur svo valið um sextán þrautir.

Jöklaganga og ísklifur fer fram á Sólheimajökli. Þá fá allir þátttakendur klifurbelti, hjálm, ísöxi og mannbrodda. Farið er upp á jökulinn og hann skoðaður og þar er boðið upp á létt ísklifur fyrir þá sem vilja. Það er mismunandi í hvaða hella við förum í hellaferðunum. Það fer eftir því hvað passar hópunum.



Óskar hefur verið framkvæmdastjóri Adrenalíns og Ultima Thule frá 2002.

Svo erum við með ratleiki. Þingvallagátan nefnist einn þeirra og nú erum við að bæta við ratleikjum á Nesjavöllum, Akranesi og í Reykjavík.“

-gun

Ilmandi lúxus sem gleður

Ilmandi sápur og krem eru hagnýtar gjafir sem gleðja og endurnæra.

Hægt er að velja saman vörur handa hverjum og einum eða kaupa tilbúna öskjur handa konum, körlum, ungum sem öldnum. Eins er hægt að fá vörur sem henta báðum kynjum og pakka sem ætlað er að mýkja og næra vinnulúna hendur og fætur. Gjafir sem þessar stuðla að vellíðan og eru oftast en ekki eitthvað sem fólk neitar sér um að kaupa sjálft en gleðst yfir að fá að gjöf.

-ve



Of a Man hár- og sturtusápa frá Body Shop ásamt svitalyktareyði í snoturri öskju. Verð: 3.490 krónur.



Fyrir húð og lúnar hendur. Kókosolíu-handsápuþögur, húðnæring og naglabursti saman á leirbakka. Fæst í Body Shop á 3.690 krónur.



Vinberjalínan frá L'Occitane. Í öskjunni eru baðpúður, líkamsskrúbb, sturtuolía, húðmjólk, þurr líkamsolía og skrubbsápa. Verð: 13.665 krónur.



Herralínan frá L'Occitane. Sturtusápa, raksápa, krem eftir rakstur, ilmvatn og nuddolía. Verð: 9.225 krónur.

Tónlist í pakkann

Íslenskt efni á geisladiskum er ákjósanleg gjöf sem gleður viðtakandann um leið og hún styrkir listir í landinu. Hér er uppástunga um nokkra nýútkomna diska sem henta hverjum sem er.



Diddú og Terem telst eiginlega bæði hljómdiskur og kver því óvenjuvel fer um

prentaða texta. Diddú þarf ekki að kynna fyrir landsmönnum en Terem er rússneskur kvartett sem spilar undir hjá Diddú. Lögín þekkjast flestir, svo sem Frostrósir, Dagný og Besame mucho.

Hana-nú er viðhafnarútgáfa með Vilhjálm Vilhjálmssyni.



Kom upphaflega út sumaríð 1977. Lög eins og Söknuður, Þú átt mig ein og Líttill drengur ylja nú ekki síður en þá.



Turninn, nýja platan með Nýdönsk, er snilldarplata fyrir alla aldurshópa

þótt fyrsta lagið á listanum þar heiti því skammtilega nafni Leiðinlegasta lag í heimi. Myndin á umslaginu er af manni sem samsettur er úr öllum hljómsveitar meðlimum.

Guðrún Gunnarsdóttir er

komin með nýjan disk, Umvafin englum. Sjálf syngur hún auðvitað eins og engill lögín Eins og vera ber, Ósögð orð og Til eilífðarnóns. Ekki slæm gjöf það.



Steinn Steinn, aldarminning er eiginlegur diskur fyrir allar

hugsandi manneskjur. Hann ber 30 lög ýmissa höfundna við ljóð Steins. Þar er Verkamaður Bergþóru Árnadóttur, Það vex eitt blóm fyrir vestan með Eddu Heiðrúnu Backman og Í Draumi sérhvers manns með Eiríki Haukssyni.

Sígildar myndir í sjóð heimilisins

Ekki er úr vegi að lauma skemmtilegum kvikmyndum með í jólaþakka starfsmanna og ekki verra að hafa þær alíslenskar.

Sena gaf í sumar út meistaraverk Friðriks Þórs Friðrikssonar, Rokk í Reykjavík, Bíódaga og Skyttarnar, sem er hans fyrsta mynd. Þá eru Englar alheimsins, Börn náttúrunnar, Djöflaeyjan og Á köldum klaka einnig fáanlegar.

Rokk í Reykjavík er mögnuð heimildarmynd um rokkið í Reykjavík í byrjun nýfunda áratugarins en Bíódagar er margverðlaunuð fjölskyldumynd.

Bíódagar var meðal annars valin besta barnamynd Norðurlandanna 1994. Myndirnar lýsa íslenskum veruleika hver á sinn hátt og eiga því vel heima í kvikmyndasöfnum landsmanna.



BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Í bítið kl. 650
Reykjavík síðdegis kl. 16

TÓMSTUNDAVÖRUR FYRIR SAMHELDAR FJÖLSKYLDUR

Poolborð, pókersett, skákborð, fótboltaspil, píluspjöld,
klassískir spilakassar, húsgögn og fleira



Pókersett, poolborð, skákborð, fótboltaspil, píluspjöld, húsgögn, barir, klassískir spilakassar og fleira.

ERUM Í
SAMNINGSSKAPI
Í NÝJU HÚSNÆÐI!


Hobby Room



HOBBY ROOM · ÁRMÚLI 38, SELMÚLAMEGIN · REYKJAVÍK · HOBBYROOM.IS



Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

2ja herb. 70fm íbúð á jarðhæð í fossvog. Leiga 98 þ. S. 820 5698.

Falleg 2ja herb. íbúð í Hólahverfi. Langtímaleiga. Uppl. í s. 867 5090.

Laus strax! 165fm búð til leigu á Njálsgötu, 3 herb. Leigist m./án húsg. + þvottal. kr. 110.000 + trygg. s: 899-1275

Laus strax! Studioíbúð á Njálsgötu, verð kr. 38 þús + trygging. S: 899-1275

3ja herb. íbúð í Hraunbæ Rvk. til leigu. Langtímaleiga. Laus. Sími:898-3420

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 79 þ. + rafm., + hiti. Eldri en 25 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16

18 fm. fallett herbergi til leigu í Hólahverfi m. aðgangi að öllu fyrir reyklusan og reglusaman einstakling. Leiga 52.000. á mánn. Uppl. í s. 661 7768 eða thorunn@abc.is.

Til leigu 2 hæða 285fm einbýlishús á Áslandi Hf. Frábært útsýni, stutt í skóla og leikskóla. Frábært fyrir stórar fjölskyldur eða nokkra leigjendur saman. Upplýsingar í s:6952903 eða 8221450. Leiga er 250 þús

4ja herb. íb. í Hraunbænum 104 fm til leigu. Leigist með húsg., v. 100 þ. á mánn. (engin trygging) S. 868 4528 & 586 2304 e. kl. 18.

2ja herb. íbúð til leigu í vesturbænum til leigu. Leigist frá 1.des ódýrt. S. 696 0727.

4ja herb. í Miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 125þ. S. 895 0497.

Íbúð til leigu á torrevíja á spani 2 herbergi (tilboð) upplis S8497762

Til leigu í vestubæ, í göngufjarlægð frá Hf., 3 herb 75 fm íbúð á 1. hæð í þríbýli. Stórt svefnherb, stofa, borðstofa. Sameiginlegt þvottahús. Langtímaleiga. Laus frá miðjum nóv. 110 þús pr mánuð. Uppl 866 6513

Til leigu björt og vel skipulögð 3herb 90 m2 íbúð við Snorrabraut. Leiguverð kr. 135þús pr mánn. innif rafmagn, hiti og hússj. Leigist gegn meðmælum og tryggingu. Upplýs. í síma 8972336

Herbergi á 2. hæð, mjög snyrtil. reyklaut, hátt til lofts, stórir gluggar, parket, sameiginlegt eldhús, bað, og þvottahús á hæð, þröðlaust i-net,verð frá 37 þús/mán. uppl. síma, 8635514.

Long stay rooms for rent. lobby@hotelvik.is 5885588

Falleg 4 herbergja íbúð á fyrstu hæð í Hafnarfirði til leigu.upplýsingar í 661-7972 eða 8488591

Í KAUPMANNAHÖFN vel staðsett 2ja herb íbúð laus til leigu. Upplýs. á snemma@visir.is

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Atvinnuhúsnæði

Bolholt 4 til leigu! 170 fm verslunar eða skrifst.húsnæði á götuhað. Hægt að skipta í tvennt, lausir veggir! Steinteppi á gólfi. Allt í góðu standi. Laus strax! S. 511 2900 / 893 8166 / 896 0747.

Rúmgóð og björt 3 herbergja íbúð í Grafarholti laus strax. Er með tveimur stórum herbergjum og þvottahúsi í íbúðinni. Bílageymsla fylgir með. Leiga 120þús. s: 824-6161

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

Geymsluhúsnæði



Geymslupláss í 101 undir búslóðir, lagervörur á brettum ofl. Uppl. í s. 544 2055.

geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mánn.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar. Tjaldvagnar, fellihúsi, bílar, bátar, mótorkjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Gisting

Gisting í Kaupmannahöf
Fullbúnaðar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@tracta.com.

ATVINNA

Atvinna í boði

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Atvinna óskast

Sjálfstæður smíður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Viðskiptataekifæri

Vantar þig vinnu? Því ekki að skapa sér vinnu sjálfur. Til sölu lítið fyrirtæki í góðum rekstri í Keflavík. Möguleg yfirtaka á hagstæðu erlendu láni. Ath ýmis skipti. S 694-4469 eða runahans@gmail.com

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Þarft þú styrk inn í batann?
EKRON
STARFSÞJÁLFUN
www.ekron.is

Tikynningar

HLAÐVARPINN
Aðalfundur Hlaðvarpans ehf.
Aðalfundur Hlaðvarpans ehf., menningar- og styrktarsjóðs kvenna, verður haldinn föstudaginn 14. nóvember 2008, kl. 17.15, á Hallveigarstöðum við Túngötu. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:
1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2007.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Kosning þriggja kvenna í stjórn og tveggja í varastjórn.
4. Kosning endurskoðanda félagsins.
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarkvenna.
7. Önnur mál.
Konur eru hvattar til að njóta rétt sinn sem hluthafar til að mæta á fundinn og kynna sér starfsemi sjóðsins.
Stjórnin

ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Tikynningar

Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300

UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Aðalbraut 24, fnr. 216-7216, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Magnea Magnúsdóttir og Fasteignafélagið Bær ehf, gerðarbeiðendur SagaZ ehf og Vörður tryggingar hf.

Aðalbraut 61, fnr. 216-7062, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Marek Grzegorz Kancyr og Ewa Karolina Bielaczyc, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður.

Austurvegur 6, fnr. 216-7707, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Ingibjörg Jóna Kristjánsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sjónv-Álmennar tryggingar hf.

Ásgata 17, fnr. 216-7096, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Björk Baldursdóttir og Byggingafélagið Húsafell ehf, gerðarbeiðendur Norðurþingi og Vátryggingafélag Íslands hf.

Bakkavegur 9, fnr. 216-7726, þingl. eig. Grétar Jósteinn Hermundsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík.

Bergholt II, fnr. 217-0866, Langanesbyggð, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf.

Eignarhluti gerðarþola, Langanesvegi 24, 216-7880, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Þórhalla Aðalbjörg Hjaltadóttir, gerðarbeiðandi Kaupþing banki hf.

Eignarhluti gerðarþola, Skógar 1, fnr. 216-6582, Refahús, Öxarfjarðar-hreppi, Norðurþingi, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf.

Eignarhluti gerðarþola, Vatnsendi lóð, fnr. 221-7717, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Birkir Björnsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Akureyri.

Garðarsbraut 43, 215-2618, 640 Húsavík, þingl. eig. Þórunna Jónsdóttir og Ævar Ákason, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður.

Garðarsbraut 44, 640 Húsavík, þingl. eig. Ásgeir Guðmundsson, gerðarbeiðandi Sjónv-Álmennar tryggingar hf.

Klifagata 2-2A, 216-6903, 670 Norðurþingi, þingl. eig. Ásta Helga Viðar og Geir Bjarnason, gerðarbeiðandi S24.

Langanesvegur 9, fnr. 216-7848, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 3. nóvember 2008.

Sundleikfimi!

Skelltu þér í sundleikfimi með frábærum kennara í **sundlaug Hótel Loftleiða**. Námskeiðið er 2 daga í viku á mánudögum og miðvikudögum kl.20.00.

Vinsamlega skráið ykkur í síma 444-4085 frá kl.13.00-18.00 fyrir 5. nóvember. Heitt á könnunni!

Hlökkum til að sjá ykkur!
Kveðja,
starfsfólk sundlaugar Hótel Loftleiða
Sími: 444-4085 / 662-0485

DONG FANG SALON
HOTEL LOFTLEIÐIR

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og blýbug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurbjargar Svanhvítar Steindórsdóttir

Borgarheiði 13, Hveragerði.

Sigurbjörg Gísladóttir
Magnea Ásdís Árnadóttir
Svanhvít Gísladóttir
og fjölskyldur.

Hannes Kristmundsson
Reynir Gíslason



Bestu þakkir fyrir samúð og blýbug við andlát

Jónasar R. Jónasson.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Dagdvöl Sunnuhlíðar í Kópavogi.

Erla Jónasdóttir
Sigrún Jónasdóttir
Fanney Jónasdóttir og fjölskyldur.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Mörtu Gunnlaugar Guðmundsdóttir

frá Markholti, Mosfellsbæ.

Lára Haraldsdóttir
Hilmar Haraldsson
Ragnar Ingi Haraldsson
Guðjón Haraldsson

Sigurður E. Sigurðsson
Helga Jónsdóttir

Kolfinna Snæbjörg Haraldsdóttir
Friðbjófur Haraldsson
Guðmundur Birgir Haraldsson
Gardar Haraldsson
Helga Haraldsdóttir
Jón Sveinbjörn Haraldsson

Nína H. Leifsdóttir
Schjetne
Sigríður Ármannsdóttir
Margrét Jóhannsdóttir
Sólveig Ástvaldsdóttir

Sigrún A. Kröyer
og ömmubörn.



Ástkær eiginkona mín og besta vinur, móðir okkar og amma, dóttir, tengdamóðir, systir og mágkona,

Herdís Björg Gunngeirsdóttir

Ársölum 3, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 6. nóvember nk. kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á NÝ DÖGUN, samtök um sorg og sorgarviðbrögð.

Friðrik Björnsson
Gunngeir Friðriksson
Ásgeir Friðriksson
Sigurrós Friðrikdóttir
Sigurrós Eyjólfssdóttir
Viðar Gunngeirsson
og barnabörn.

Edda Björg Sigmarsdóttir
Helga Lára Ólafsdóttir

Halla Guðmundsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

LAURA BUSH FORSETAFRÚ
FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1946.

„Ást á bókum, að halda á þeim, fletta síðunum, horfa á myndirnar og lifa sig inn í heillandi sögurnar, fer saman við það að elska að læra.“

Laura Bush er forsetafrú Bandaríkjanna. Hún giftist George W. Bush árið 1977 og eiga þau saman tvær dætur, tvíbura sem fæddust árið 1981.



PETTA GERÐIST: 4. NÓVEMBER 1942

Breskri áhöfn bjargað

Áhöfnin á Brúarfossi bjargaði 44 mönnum af enska flutningaskipinu Daleby þennan dag árið 1942. Bæði skipin voru í skipalest milli Bandaríkjanna og Íslands sem í voru 50 kaupskip auk tveggja herskipa og eins vopnaðs togara. Stórir hópar þýskra kaþbáta gerðu árás á skipalestina og voru fylgdarskipin alltof fá til að geta spornað við þeim.

Eftir stöðugar árásir í fjórar nætur, var aðeins þriðjungur kaupskipa enn ofansjárvar 4. nóvember, þar á meðal Brúarfoss. Veður fór þá versandi og var erfiðara fyrir kaþbátana að athafna sig en þó varð skipið



Daleby fyrir tundurskeyti. Brúarfoss flýtti sér að bjarga sjóliðunum. Stærsti hluti áhafnarinnar komst í björgunarbáta en nokkrir urðu eftir í skipinu. Þá fóru menn af Brúarfossi tvær ferðir á björgunarbátum til að bjarga þeim. Þannig björguðust sjö menn. Brúarfoss missti af skipalestinni við þetta en veður var orðið vont og ekki varð meira vart við þýsku kaþbátana.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÁRBÓK ÞINGEYINGA: FAGNAR 50 ÁRUM MEÐ AFMÆLISVEISLU OG NÝRRI VEFSÍÐU

Tengiband við héraðsbúa

Árbók Þingeyinga, sem er útbreiddasta áttthagarit á Íslandi, er 50 ára en það hefur verið gefið út samfelld frá árinu 1958. Skipt er um ritstjóra og ritnefnd á þessum tímamótum en Sigurjón Baldur Hafsteinsson tekur við stjórn blaðsins af þeim Guðna Halldórssyni og Sigurjóni Jóhannessyni, sem hafa ritstýrt árbókinni saman frá árinu 1994. Sigurjón er frá Reykjavík en á ættir að rekja til Laxamýrar rétt sunnan við Húsavík.

Í fyrsta hefti árbókarinnar árið 1958 skrifar þáverandi ritstjóri hennar, Bjartmar Guðmundsson, bréf til lesenda. Hann segir ritinu ætlað að vera tengiband við héraðsbúa heima fyrir en að það sé ekki síður ætlað þeim sem fluttir eru á brott en eru heima í huga sínum og endurminningum. Sigurjón Hafsteinsson segir árbókina gegna sams konar hlutverki í dag.

„Við reynum að birta greinar og fréttir úr hverjum hrepp fyrir sig, sem eru níu talsins og teygja sig frá Eyjafjarðarsveit og yfir í Bakkafjörð. Í ritinu eru birtar greinar, sögur, ljóð og annálar en markmið bókarinnar er að fræða og skemmta ungum sem

öldnum. Tilgangur hennar hefur verið að þjappa fólki á svæðinu saman og þótt samgöngur séu orðnar betri og einhver riðlun hafi orðið á stjórnsýslueiningum þá reynum við að halda í þessi mörk,“ segir Sigurjón.

Hann segir ýmsan fróðleik að finna í árbókunum og að þar séu mikilvægar heimildir. „Annalaskrifin eru gamalkunnugt stef en þar er sagt frá árferði, afurðum, skóla og menningarlífi hreppanna svo eitt-hvað sé nefnt. Ég veit til þess að ungir jafnt sem aldnir hafa í gegnum tíðina rifist um að fá að lesa um hvernig hafi árað í nálægum hreppum þegar blaðið kom í hús.“

Sigurjón segir markmiðið að höfða enn frekar til yngri kynslóða í framtíðinni. Í afmælisveislu sem verður haldin í Safnahúsinu á Húsavík klukkan fimm í dag verður vefútgáfa árbókarinnar opnuð á slóðinni www.arbok.is. Er henni meðal annars ætlað að höfða til ungs fólks á svæðinu auk brottfluttra.

„Hugmyndin er að gera árbókina sýnilega á vefnum þannig að fólk geti skoðað hvað hefur verið skrifað áður og hvað er í deigluinni.



MIKILVÆGAR HEIMILDIR Sigurjón Baldur Hafsteinsson, sem tekur nú við ritstjórn árbókarinnar, segir fyrri árganga bókarinnar hafa að geyma mikilvægar heimildir og margvíslegan fróðleik. Með nýrri vefsíðu árbókarinnar er ætlunin að ná betur til unga fólksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá er árbókin komin með síðu á Facebook eins og stór hluti Íslendinga. Þar hefur hún fengið góðar viðtökur og eignast um 400 vini á tæpum mánuði,“ upplýsir Sigurjón.

Hægt verður að hlýða á upplestur úr fyrstu árbók-

inni, ávarp fráfarandi ritstjóra og margt fleira í afmælisveislunni í kvöld. „Með vorinu er svo ætlunin að efna til fleiri funda og setja bókina í samhengi við sams konar útgáfu í fortíð og nútíð,“ segir Sigurjón.

vera@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir og tengdamóðir,
Ástdís Guðjónsdóttir
Suðurgötu 37, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landakotspítala föstudaginn 31. október. Jarðarförin auglýst síðar.

Guðjón Haraldsson
Þórir Haraldsson

Haraldur Theodórsson
Sigríður Siemsen
Mjöll Flosadóttir
og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,
María Guðbjartsdóttir
Hringbraut 50, áður til heimilis að Dalbraut 16, Reykjavík,

sem lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 30. október, verður jarðsöngin fimmtudaginn 6. nóvember kl 13.00 frá Fossvogskirkju.

Sigríður Ósk Óskarsdóttir
Halldóra Björt Óskarsdóttir
Þráinn Ingólfsson
Ólafur Jón Ingólfsson

Hermann Sigfússon
Guðmundur R. Jónsson
Guðríður Hermannsdóttir
Margrét Á. Hallsdóttir
og aðrir aðstandendur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingi Jónsson

Hringbraut 50, áður til heimilis á Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

Jón Ingi Ingason
Markús Ingason

Kristín Jónsdóttir
Oddný Hólmsteinsdóttir
Sólfríður Guðmundsdóttir
afabörn og langafabörn.



Ástkær dóttir mín, móðir, amma, systir, móðursystir og mágkona,

Katla Sigurgeirsdóttir

Þórgötu 22, Reykjavík,

andaðist á Líknardeild Landspítalans föstudaginn 31. október. Jarðarförin auglýst síðar.

Anna G. Kristgeirsdóttir

Elva Rakel Sævarsdóttir
Aron Kristinn Haraldsson
Stella Sigurgeirsdóttir
Salka Þorgerður Jóhannsdóttir
Stelludóttir
Daði Sigurgeirsson
Kristgeir Sigurgeirsson

Jóhann Bjarni Pálmason



Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

- nám samhliða starfi

Umsóknarfrestur til 24. nóvember

NÁM SAMHLIÐA STARFI

Rekstrar- og viðskiptanám

í staðnámi og fjarnámi

54 ECTS

Mannauðsstjórnun

í staðnámi og fjarnámi

36 ECTS

Þjónustustjórnun

í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ

36 ECTS

Breytingastjórnun

í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ

36 ECTS

Verkefnastjórnun - Leiðtogaþjálfun

í samstarfi við Nordica ráðgjöf

24 ECTS

Gæðastjórnun

í samstarfi við verkfræði-
og náttúruvísindasvið HÍ

24 ECTS



MORÐGÁTA

Skemmtileg hlutverkpartí

ESKIMOS | www.eskimos.is, eskimos@eskimos.is
Símar: 414-1500 / 8220033

HLUTHAFAFUNDUR ICELANDIC GROUP HF.

11. NÓVEMBER 2008

Hluthafafundur Icelandic Group hf. verður haldinn þriðjudaginn 11. nóvember 2008 kl. 15:00 í húsaðalnum félagsins að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða:

- Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár um kr. 2.835.383.279 að nafnverði til jöfnunar á tapi.
- Tillaga stjórnar um hlutafjánhækkun um allt að kr. 32 milljörðum að nafnverði sem allt verði selt Eignarhaldsfélaginu IG ehf.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir fundinn. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.icelandic.is.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundardaginn frá kl. 14:30 á fundarstað.

Reykjavík 1. nóvember 2008.
Stjórn Icelandic Group hf.

ICELANDIC
GROUP

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja
Gunnarsson

Tortímingar-Ísland

Undanfarið hefur sú tilfinning vaxið ásmegin að ég sé staddur í kvikmynd. Ekki bara hvaða kvikmynd sem er heldur hefur mér þótt ég vera í Terminator 2. Og búið sé að hleypa Söruh Connor út.

Heimurinn sem Sarah sá var að hverfa. Þurrkast út. Hún vissi að það myndi taka áratugi að byggja upp nýtt samfélag úr rústunum. Það myndi kosta stríð og mannfórnir. Þegar hún reyndi að vara alla við var hún sett inn á geðveikrahæli. Látin dúsa þar inni árum saman. Sögð hafa ofskynjanir.

Sarah reyndi að þjálf son sinn. Reyndi að telja honum trú um að þetta væri allt að fara á versta veg. En sonurinn gaf lítið fyrir skýringar móður sinnar. Taldi hana vera geðveika. Og fór að

leika sér á mótórholinu með Guns 'n' Roses í eyrunum. Kannski að Ísland hafi bara verið John Connor á unglingsárunum.

Neitaði að hlusta. Vildi bara miklu frekar leika sér á bensínfrekum leiktækjum. Mamman hlýti bara að vera geðveik, heimurinn var nefnilega bara svo finnr og góður eins og hann var.

En svo kom Tortímandinn. Brá sér í allra kvikinda líki. Lagði allt í rúst. Sarah Connor hlýtur að hafa orðið fegin. Fyrir þó ekki annað en að geta loks fært sönnur á það að vera ekki geðveik. En um leið hrygg yfir því að enginn skyldi hlusta á hana. Og að sá eini sem gæti bjargað henni og heiminum um stundarsakir væri gamli Tortímandinn. Hljómur kunnuglega. Enda átti Sarah erfitt með að treysta Adda Svakanagg.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





BUBBI

OG STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Frábær upptaka frá tónleikum
Bubba og Stórsveitar Reykjavíkur í janúar sl.
er komin út á CD og DVD.

1. HVE ÞUNGT ER YFIR BÆNUM
2. LÖG OG REGLA
3. SANDURINN Í GLASINU
4. ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
5. ÞORSKACHARLESTON
6. ÍSAÐAR GELLUR
7. LAUGARDAGSMORGUNN
8. ÞÍNIR LÖNGU GRÖNNU FINGUR
9. SUMAR KONUR



10. VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA
11. JARÐARFÖR BJÖSSA
12. ÞINGMANNAGÆLA
13. VIÐ GRÓTTU
14. FJÖLLIN HAFU VAKAÐ
15. KAUPMAÐURINN Á HORNINU
16. ÍSBJARNARBLÚS
17. RÓMEÓ OG JÚLÍA

GEISLA-
PLATA
&
MYND-
DISKUR

Bubbi og Stórsveitin í sparifötunum.

FÁANLEG Í NÆSTU VERSLUN



sena

okkar heimur // þín skemmtun

FJARÐARKAUP OG GÓA KYNNA MEÐ STOLTI

Aukatónleikar
kl. 16.00.
Vegna fjölda
áskorana!

Jólagestir

Björgvins*

Laugardaginn 6. desember
í Laugardalshöllinni

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR

HELGI BJÖRNS

KRUMMI & DANÍEL ÁGÚST

LADDI

PÁLL ÓSKAR & MONIKA

RAGGI BJARNA

SIGGA BEINTEINS

STEFÁN HILMARSSON

SVALA BJÖRGVINS

SÉRSTAKUR GESTUR

KRISTJÁN JÓHANNSSON

STÓRHLJÓMSVEIT BJÖRGVINS · KARLA- OG BARNAKÓR

STRENGJASVEITIN REYKJAVÍK SESSION ORCHESTRA

MÍÐASALA HAFIN Á AUKATÓNLEIKANA!



FK
FJARÐARKAUP

Góa
Stofnað 1968



Míðasala á midi.is og á sölustöðum Miða.is

bravó!
Góðar stundir

> Guðjón heill en hélt að allt hefði farið

Betur fór en á horfðist með meiðsli Guðjóns Vals Sigurðssonar. Hann sneri sig illa á ökkla í síðari hálfleik og yfirgaf völlinn sárþjáður. „Þetta var hrikalega vont og ég hélt að allt hefði farið í ökklanum. Það voru brak og brestir,” sagði Guðjón Valur sem virðist þó ekki vera alvarlega meiðdur. „Ökklinn er mjög bólgin en sjúkrapjálfarennir segja að þetta sé ekkert alvarlegt. Það er í það minnsta ekkert brotið. Ég er að vonast til þess að geta æft á miðvikudag og vonandi spilað á fimmtudag. Sjáum hvað setur með það,” sagði Guðjón Valur brattur en hann segir ekki um að ræða sömu meiðsli á ökklanum og hann varð fyrir á Ólympíuleikunum í Peking.

sport
sport@frettabladid.is



GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON: HEFUR ÁKVEDIÐ AÐ SNÚA AFTUR Á FORNAR SLÓÐIR OG SPILA MEÐ KR

Vonast til þess að hjálpa KR að vinna titla

Guðmundur Benediktsson hlakkar til þess að klæðast svörtu og hvítu treyjunni á nýjan leik en hann þekkir vel til hjá Vesturbæjarfélaginu eftir að hafa leikið með KR í tíu sumur frá árinu 1995 til ársins 2004.

„Ég hafði vissulega leitt hugann að því annað slag að snúa aftur í KR en það varð engin alvara úr því fyrr en möguleikinn bauðst mér núna um síðustu helgi og ég er ánægður með að þetta sé gengið í gegn. Ég þekki vel til félagsins og hlakka til þess að vinna með Loga [Ólafssyni, þjálfara KR] sem og öllum þeim sem koma að þessu ágæta félagi,” segir Guðmundur sem var einkar sigursæll á tíma sínum hjá KR og varð fjórum sinnum Íslandsmeistari, árin 1999, 2000, 2002 og 2003. Þar að auki varð hann bikarmeistari með Vesturbæjarfélaginu árin 1995 og 1999.

Framherjinn kná lék svo fjögur síðustu sumur með Valsmönnum og varð bikarmeistari þar árið



2005 og átti svo stóran þátt í því að tryggja þeim Íslandsmeistaratitilinn árið 2007, eftir tuttugu ára bið Hlíðarendafélagsins.

„Það var sérstaklega ánægjulegt að vinna Íslandsmeistaratitilinn með Val, þar sem félagið var ekki búið að vinna hann í fjölda ára. Síðasta tímabil olli mér hins vegar vonbrigðum, sem og öðrum leikmönnum Vals og öllum í kringum félagið. Það voru eflaust margir samverkandi þættir sem urðu til þess að svo fór sem fór. En það þýðir þó lítið að spá í það núna, heldur verður maður bara að horfa fram á veginn og ég hlakka til að takast á við komandi áskoranir með KR,” segir Guðmundur.

Hinn 34 ára gamli Guðmundur skrifar undir eins árs samning við KR en ætlar svo að taka stöðuna á málum í lok næsta sumars.

„Í fyrsta lagi vonast ég til þess að vera heill heilsu og í öðru lagi vonast ég til þess að hjálpa KR að vinna titla. Ef mér líður þannig næsta haust að mér finnst í lagi með líkamann þá mun ég halda áfram. Maður á aldrei að hætta of snemma því sem maður elskar að gera,” segir Guðmundur.



LEIKFÆR? Meiri líkur en minni eru taldar á því að Torres verði með Liverpool á ný í kvöld.

Meistaradeild Evrópu:

Torres líklega með Liverpool

FÓTBOLTI Ensku félögin Chelsea og Liverpool verða í eldflunnunni þegar fjórða umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld.

Chelsea getur farið langleiðina með að tryggja sig áfram upp í sextán liða úrslit með sigri þegar félagið heimsækir Roma á Ólympíuleikvanginn í Róm í kvöld.

Topplið D-riðils, Liverpool og Atletico Madrid, mætast á Anfield í kvöld og meiri líkur en minni eru á því að Fernando Torres snúi aftur í lið Liverpool eftir meiðsli og geti þar með mætt sínum gömlu liðsfélögum.

LEIKIR KVÖLDSINS

A-riðill:

CFR Cluj-Bordeaux

Roma-Chelsea

Stöð 2 Sport 3

B-riðill:

Anorthosis-Inter

Werder Bremen-Panathinaikos

Stöð 2 Sport 4

C-riðill:

Sporting-Shakhtar

Barcelona-Basel

D-riðill:

Liverpool-A. Madrid

Marseille-PSV

Stöð 2 Sport

Fótboltinn verður að biða betri tíma

Ólafur Stefánsson gekk í gær frá þriggja ára samningi við danska C-deildarliðið AG Håndbold. Segir verkefnið sem biður í Danmörku afar spennandi og krefjandi. Mun líklega gefa kost á sér í íslenska landsliðið á ný eftir næsta sumar ef landsliðsþjálfarinn hefur áhuga á neðri deildar spilara í Danmörku.

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson gekk í gær endanlega frá þriggja ára samningi við danska C-deildarliðið AG Håndbold. Hann mun flytja búferlum ásamt fjölskyldu sinni til Kaupmannahafnar næsta sumar og spila með félaginu frá og með næsta vetri.

„Þetta var bara að gerast. Ég var að fá pappírana í hendurnar og það er allt klappað og klárt. Ég skrifaði undir fyrir nokkrum dögum síðan og var að biða eftir því að þeir skrifuðu líka undir og samþykktu samninginn. Ég er því á leið til Danmerkur og fótboltinn verður að biða betri tíma,” sagði Ólafur kátur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær og augljóst að hann var mjög ánægður með niðurstöðu mála. Ólafur hafði talað um það áður að hann langaði að spila með knattspyrnuliði Vals áður en hann hættir íþróttaiðkun en sá draumur er nú kominn aftur á hilluna.

„Þetta er ákaflega spennandi verkefni sem biður í Danmörku. Þetta félag ætlar sér að komast upp í úrvalsdeild næsta vetur og vinna Meistaradeildina eftir þrjú ár. Það er háleitt markmið og stór gulrót. Það væri virkilega gaman að ná því að vinna Meistaradeildina með þriðja félaginu,” sagði Ólafur en hann segir fjölskylduna vera spennta að flytja til Kaupmannahafnar.

Vill frekar rafmagnsbíl en Ferrari

Aðalstyrktaraðili AG Håndbold er skartgripasalið Jesper Nielsen en hann hefur verið yfirlýsingaglaður í dönskum fjölmiðlum. Meðal annars talað um að Ólafur muni fá að búa í húsi sínu og svo muni hann láta Ólaf fá Porsche eða Ferrari er hann kæmi til Danmerkur.

„Hann þekkir mig nú ekkert sérstaklega vel ef hann heldur að ég



Á leið til KÖBEN Ólafur Stefánsson flytur ásamt fjölskyldu sinni til Danmerkur næsta sumar. Hann mun líklega gefa kost á sér í landsliðið á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vilji fá Ferrari. Ég myndi frekar kjósa rafmagnsbíl eða eitthvað álka,” sagði Ólafur léttur. „Annars hef ég nú aldrei hitt þennan Jesper. Ég er samt að leita mér að húsi og ef hann vill lána mér húsið sitt er aldrei að vita nema ég þiggi það.”

Mikið hefur verið skrifað um að Ólafur verði einn launahæsti leikmaður heims færi hann til AG og framkvæmdastjóri AG Håndbold staðfesti við Fréttablaðið að Ólafur yrði í það minnsta einn launahæsti leikmaður Dana. „Aðvitað

skipta peningarnir líka máli. Þeir eru að bjóða mér fínan samning, eða svipaðan og ég er með hjá Ciudad núna. Svipað þýðir minna eða meira en ég segi ekki meir um það,” sagði Ólafur sem hefur verið efni kjaftasagna hjá fólki eftir að það spurðist út að hann ætlaði í neðrideildarliði í Danmörku.

„Ég hef heyrt eitthvað af því en ég get alveg eytt þeim sögum að ég sé gjaldþrota. Ég er með allt mitt meira og minna hér úti þar sem ástandið er betra.”

Breiðablik lagði lánlaust lið ÍR af velli, 75-71, í Kópavogi í gærkvöldi:

Nýliðar Blika áfram á sigurbraut

KÖRFUBOLTI Breiðablik vann góðan 75-71 sigur á spútnikliði síðasta vetrar, ÍR, í Smáranum í gærkvöldi. Liðin skiptust á að taka forystu í fyrsta leikhluta en heimamenn tóku svo öll völd á vellinum í öðrum leikhluta og sigldu jafnt og þétt fram úr gestunum.

ÍR-ingar voru þá algjörlega heillum horfnir í sókninni og trekk í trekk misnotuðu þeir opin skot-um undir körfunni. Blikarnir kunnu að nýta sér það og leiddu leikinn örugglega þegar flautað var til hálfleiks, 33-18.

ÍR-ingar voru líkari sjálfum sér í þriðja leikhluta og skoruðu þá meira en í fyrstu tveimur leikhlutum samanlagt eða 20 stig. Staðan var orðin 54-48 fyrir lokaleikhlutann og spennan því mikil.

Blikarnir héldu hins vegar haus í fjórða leikhlutanum þrátt fyrir að ÍR-ingar næðu að minnka mun-



BARÁTTA ÍR-ingar börðust en uppskáru ekkert. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

inn niður í tvö stig þegar um þrjár mínútur lifðu leiks og unnu að lokum verðskuldaðan sigur, 75-71.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

Breiðablik-ÍR 75-71

Stig Breiðabliks: Nemanja Sovic 31, Rúnar Erlingsson 16, Daniel Guðmundsson 10, Halldór Halldórsson 5, Emil Jóhannsson 5, Kristján Sigurðsson 4, Loftur Einarsson 3.

Stig ÍR: Eiríkur Ónundarson 27, Ómar Sævarsson 19 (23 fráköst), Sveinbjörn Claessen 10, Steinar Arason 9, Þorsteinn Hünfjörð 6.

Snæfell-Keflavík 62-67

Stig Snæfells: Atli Hreinsson 15, Hlynur Bæringsson 13, Jón Ó. Jónsson 11, Sigurður Þorvaldsson 11, Magni Hafsteinsson 9.

Stig Keflavíkur: Hörður Hjálmaðsson 29, Sigurður Þorsteinsson 14, Gunnar Stefánsson 9, Elvar Sigurjónsson 8, Sverrir Þór Sveinsson 3.

FSU-KR 92-122

Stig FSU: Árni Ragnarsson 21, T. Viglianco 19, Tyler Dunaway 13, Vésteinn Sveinsson 13, Björgvin Valentínsson 12, Nicholas Mabbutt 8.

Stig KR: Jón Arnór Stefánsson 27, Jakob Örn Sigurðarson 23, Fannar Ólafsson 19, Darrí Hilmarsson 17, Jason Dourisseau 13, Pálmí Frey Sigurgeirsson 8, Helgi Már Magnússon 6.

Enska úrvalsdeildin

Newcastle-Aston Villa 2-0

Obafemi Martins (60.) & (82.)

Magnaða moppufatan

Minni tími...
Minna vatn...
Minna hreingerningaefni...
Aldrei að beygja sig...
Aldrei að vinda...
10 moppur í einu

Hrein snilld!

TAKK *fíreinsti of.*

Víðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500

www.takk.is

50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!

ÞRIÐJUDAG TIL FIMMTUDAGS

- RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

**NÝTT UPPHAF Í SKÍFUNNI
Á FÖSTUDAGINN**

- FYLGSTU MEÐ!



Nýtt upphaf

> Kristin Kreuk

„Þó svo að ég geri aldrei neitt slæmt þá er ekki þar með sagt að ég hugsi aldrei neitt slæmt.“ Kreuk leikur Lönu Lang í þættinum Smallville sem sýndur er á Stöð 2 extra í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKID ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON VELTIR FYRIR SÉR AÐDRÁTTARAFLI 007

Bond-veisla á Stöð 2

Fyrir mér er Bond alltaf Roger Moore, vegna þess að hann var leikarinn sem lék í Bond-myndunum sem voru framleiddar þegar ég var krakki. Þegar ég sá Sean Connery-myndir fyrsta sinn fannst mér karlmennska hans næstum ógnvænleg, þessi massífu svörtu bringuhár, augabrúnnir og mun alvarlegra fas en fimmaurabrandara Bondinn hans Moores. Það var ekki fyrr en ég var komin til vits og ára þegar ég uppgötvaði að auðvitað var Sean Connery hundrað sinnum kynþokkafyllri en hinn fremur hallærislegi Roger Moore en svona getur smekkur manns breyst.

Við bróðir minn áttum þó held ég næstum allar Bond-myndirnar á VHS-vídeospólum og horfðum á þær reglulega. Vorum farin að læra sögurnar utan að og ég dáðist að fataskáp kvenna sem báru snilldarnöfn eins og Pussy Galore og Kissy Suzuki. Fannst myndir eins og A View to a Kill algjör snilld en þegar ég horfði á hana í



sínur guðdómlegum sixtis-kvenleika og Sean Connery er ungur, sexi og fagur.

sjónvarpinu um daginn undraðist ég samt hversu virkilega vond hún var í raun og veru. Svo þegar Timothy Dalton birtist sem húmorlaus Bond með hökuskarð missti ég alveg áhugann á nýsnanarum númer 007. Pierce Brosnan var aðeins skárir, ef myndirnar sem hann lék í hefðu ekki verið svona vondar. Daniel Craig nenni ég ekki einu sinni að horfa á, hann er ljóshærður, lítill og órafjarlægð frá Bond æsku minnar. En það er algjörlega þess virði að fylgjast með Bond-veislu Stöðvar 2 um þessar mundir og rifja upp allar klisjulegu línurnar, flottu tókustaðina og sætu stelpurnar með flottu nöfnin, eins konar tímaferðalag um svakalega svala áratugi. Meistarastykkið sem eftir stendur er þó eflaust Dr.

No þar sem Ursula Andress rís upp úr hafinu í öllum sínum guðdómlegum sixtis-kvenleika og Sean Connery er ungur, sexi og fagur.

EKKI MISSA AF



▶ **19.30 Liverpool - Atletico Madrid** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Seinfeld** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.40 The Big Bang Theory** STÖÐ 2



▶ **21.25 Viðtalið - Antonin Scalia** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50 In Plain Sight** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.05 Sportið (e)
- 16.30 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.10 Tákn málsfréttir
- 17.20 Bjargvætturinn (Captain Flamingo) (2:26)
- 17.45 Latibær (e)
- 18.10 Sunnudagskvöld með Evu Mariu (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Everwood (20:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
- 20.55 Með blæju á háum hælum (Med slør og høje hæle) (3:6) Danskir ferðapættir frá Austurlöndum nær. Anja Al-Erhayem fer með áhorfendur á staði sem færstir vissu að væru til á þessum slóðum, meðal annars skíðabrekkur í Íran og diskotek og hommabari í Damaskus og Beirút.
- ▶ 21.25 Viðtalið Bogi Ágústsson ræðir við Antonin Scalia, dómara við Hæstarétt Bandaríkjanna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Forsetakosningar í Bandaríkjunum Fréttamenn Ríkisútvarpsins fjalla um forsetakosningarnar í Bandaríkjunum.
- 23.40 Kosningavaka Bein útsending frá kosningavöku bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar CBS.

07.00 Dagskrárlök

BIÓ

- 08.10 Bride & Prejudice
- 10.00 Over the Hedge
- 12.00 Suzanne's Diary for Nicholas
- 14.00 Bride & Prejudice
- 16.00 Over the Hedge
- 18.00 Suzanne's Diary for Nicholas Mynd byggð á metsölubók James Patterson, höfundar Women's Murder Club. Christina Applegate fer með aðalhlutverk. Þetta er sögulega mynd um hvernig þetta er. Ömissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeittan húmor.
- 19.30 Bond On Location
- 20.00 Thelma and Louise
- 22.05 Yes
- 02.20 The Locals
- 04.00 Yes
- 06.00 The Ringer

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Smá skrifnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.35 La Fea Más Bella (184:300)
- 10.20 Grey's Anatomy (29:36)
- 11.15 Hell's Kitchen (2:11)
- 12.00 Grey's Anatomy (2:25)
- 12.45 Neighbours
- 13.10 La vie après l'amour
- 15.00 The Complete Guide To Parenting (4:6)
- 15.35 Sjáðu
- 16.00 Saddle Club
- 16.23 Ginger segir frá
- 16.43 Ben 10
- 17.08 Tutenstein
- 17.33 Bold and the Beautiful
- 17.58 Neighbours
- 18.23 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.17 Veður
- 19.30 The Simpsons
- 19.55 Friends (23:24)
- 20.15 Two and a Half Men (14:19)
- ▶ 20.40 The Big Bang Theory (12:17) Leonard og Sheldon eru eldklárir eðlisfræðingar og hreinræktaðir nördar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins. Þegar þeir kynna nágretta sínum, Penny, sem er einlæg, fögur og skemmtileg fara þeir að sjá lífið í nýju ljósi.
- 21.05 Chuck (10:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlog heimsins hvíla á herðum hans.
- 21.50 Mysterious Island Fyrri hluti.
- 23.15 The Daily Show: Global Edition Jon Stewart fer á kostum í einstaklega spaugsamri umfjöllun um það sem hæst ber hverju sinni. Ömissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeittan húmor.
- 23.50 Forsetakosningar í Bandaríkjunum - beint frá CNN

SPORT

besta sætið

- 16.55 Þýski handboltinn - Hápunktar Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
- 17.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.
- 18.30 Fréttabáttur Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
- 19.00 Meistaradeild Evrópu Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.
- ▶ 19.30 Meistaradeild Evrópu Bein útsending frá leik Liverpool og Atletico Madrid í Meistaradeild Evrópu. Sport 3: Arsenal - Fenerbahce Sport 4: Real Madrid - Juventus
- 21.40 Meistaradeild Evrópu Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
- 22.20 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Arsenal og Fenerbahce.
- 00.10 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Real Madrid og Juventus.
- 02.00 Meistaradeild Evrópu Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Newcastle og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
- 14.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Portsmouth og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Everton og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markabætti.
- 18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlutum.
- 19.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Newcastle og Aston Villa.
- 20.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Bolton og Man. City.
- 22.20 Enska mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífni á einum stað.
- 23.15 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. Utd og Hull.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 17.00 Vörutorg
- 18.00 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frá-bærar sögur og gefur góð ráð.
- 18.45 America's Funniest Home Videos (21:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
- 19.10 Singing Bee (7:11) (e)
- 20.10 Survivor (6:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst.
- 21.00 Innlit / Útlit (7:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Amar Gauti koma víða víð. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.
- ▶ 21.50 In Plain Sight (7:12) Sakamála-sería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Hrokafullur læknir og fjölskylda hans fara í vitnaverndina eftir að dóttirin verður vitni að skotbardaga. Það reynir á fjölskylduböndin þegar álagið sem fylgir því að hefja nýtt líf ógnar öryggi fjölskyldunnar.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem hádfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 CSI. New York (11:21) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. (e)
- 00.20 Vörutorg
- 01.20 Óstöðvandi tónlist


N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-, snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.

Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.

Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður.

Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.



Danfoss 75
1933 • 2008

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf

Skútuvoði 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

Mysterious Island – fyrri hluti

Framhaldsmynd mán- aðarins á Stöð 2 er að þessu sinni ævintýramynd byggð á sígildri sögu Jules Vernes – sem einmitt hefur enn og aftur fangað huga fólks meðal annars með kvikmyndum á borð við Journey to the Centre of the Earth and Around the World in 80 Days. Mysterious Island skartar sterkum hópi leikara á borð við Patrick Stewart, Kyle MacLachlan og Gabrielle Anwar og fjallar um ævintýralegan flotta kaptains Cyrus Smith og



félagi hans. Þau lenda á dularfullri eyju þar sem þau þurfa ekki einasta að glíma við sjóræningja heldur einnig einhvers konar stökkbreyttar skaðræðisverur. Til að auka á hættuna er eldfjall eyjunnar um það bil að gjósa. Leikstjóri myndarinnar er Russell Mulcahy sem gerði meðal annars myndina Highlander og leikstjórn fjölda myndbanda Duran Duran hér á árum áður. Seinni hluti framhaldsmyndarinnar er sýndur daginn eftir.

VIÐ MÆLUM MED

Kosningavaka Sjónvarpið kl. 22.25

Fréttamenn Ríkisútvarpsins heima og heiman fjalla um forsetakosningarnar í Bandaríkjunum og munu þeir Ingólfur Bjarni Sigfússon og Bogi Ágústsson stýra kosningavöku. Skipt verður beint á kosningavöku bandaríska sendiráðsins og undir miðnætti tekur kosningavaka CBS við. Katie Couric stendur vaktina en von er á fyrstu útgöngu-spám þegar um miðnæturvil.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Músik og mas
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 11.45 Í mótbýr
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 12.50 Dánarfreginir og auglýsingar
- 13.00 Vitt og breitt
- 14.03 Stef
- 15.03 Útlarpssagan: Rigning í nóvember
- 15.30 Heimsauga
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfreginir og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Lostafulli listræninginn
- 21.00 Í heyranda hljóði: Ég ann þessu eina blómi
- 22.07 Veðurfreginir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (51:260)
- 16.30 Hollyoaks (52:260)
- 17.00 Seinfeld (20:22)
- 17.30 Ally McBeal (20:23)
- 18.15 Smallville (10:20)
- 19.00 Hollyoaks (51:260)
- 19.30 Hollyoaks (52:260)
- ▶ 20.00 Seinfeld (20:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
- 20.30 Ally McBeal (20:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
- 21.15 Smallville (10:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
- 22.00 Men in Trees (5:19) Marin Frist sem nú hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsst. Þar virðist hún hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
- 22.45 Journeyman (4:13) Dan Vassar hefur öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka. Á tímaferðalagi sínu hittir hann fyrrum ástkonu sína sem lést í flugslysi. Hann stendur nú frammi fyrir erfiðri ákvörðun. Ef hann breytir fortíðinni og bjargar æskuástinni þá gæti hann glatað eigin framtíð.
- 23.30 The Unit (15:23)
- 00.15 Help Me Help You (4:13)
- 00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

- INN**
- 20.00 Hrafnaping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
 - Birkir Jón Umræðuþáttur í umsjá Birkis Jóns Jónssonar. Hann ræðir við Margréti Frímannsdóttur alþingismann.
 - 21.30 Guðjón Bergmann Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góðan gest.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

- DR 1**
- 12.00 Aftenshowet 2. del 12.30 Aldrig mere fængsel 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 SPAM 15.30 Mygge-eskadrillen 15.35 Ninja Turtles 16.00 Agent Nord 16.30 Lille Nord 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Sporløs 19.30 Mig og min familie 20.00 TV Avisen 20.35 Kontant 21.00 SportNyt 21.10 Wallander 22.40 Sommer 23.35 Amerikanernes valg. Følg CBS's dækning af det amerikanske

- NRK1**
- 12.00 NRK nyheter 12.05 Jessica Fletcher 13.00 NRK nyheter 13.05 Barmeny 13.30 Allo, Allo! 14.00 NRK nyheter 14.03 Avd. Bam 14.30 Ace Lightning 15.00 NRK nyheter 15.10 Hannah Montana 15.35 Animalia 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Røst 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Dora utforskeren 17.25 Dykk Olli, dykk! 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen. Magasin 18.55 Jordmødrene i Sverige 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Brennpunkt 21.20 Extra-trekning 21.30 Safari 22.00 Kveldsnytt 22.15 Presidentvalet. McCain mot Obama

- SVT 1**
- 11.35 Toppform 12.40 På solsidan 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 Hannah Montana 15.30 Lilla sportspegeln 16.00 Tess och Ubbé 16.10 Yoko! Jakamoko! Toto! 16.15 Slut för idag... tack för idag 16.30 Piggley Winks äventyr 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Gökvaill 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Packat & klart 19.30 Andra Avenyn 20.00 Dora kallar oss artister 20.30 Morgonsoffan 21.00 USA-valet. Attenatet mot Richard Nixon 22.35 Kulturnyheterna 22.50 Höök 23.50 Badmästar Paul 00.00 USA-valet. Från Bill till Barack

SPORT
besta sætið

MEISTARADEILDIN Í BEINNI

Í KVÖLD KL. 19:30
LIVERPOOL – ATLETICO MADRID

Í KVÖLD

- KL. 19:30 Liverpool – Atletico Madrid
- KL. 19:30 Roma – Chelsea
- KL. 19:35 Anorthosis Famagusta – Inter
- KL. 21:40 Meistaramörk

Á MORGUN

- KL. 19:30 Celtic – Man. Utd.
- KL. 19:30 Arsenal – Fenerbaçe
- KL. 19:35 Real Madrid – Juventus
- KL. 21:40 Meistaramörk



„Spjót og súpa á Sægreifanum. Humarsúpa eða „Moby Dick on a stick“, „eins og sægreifinn sjálfur kallar réttinn.“

Helgi Svavar Helgason tónlistarmaður.

Sigur Rós hræðist ekki Tjallann

„Nei, nei, við erum ekki smeykir við að fara að spila í Bretlandi. Ef það fer einhver að böggja okkur fyrir að vera frá Íslandi þá svörum við bara fyrir okkur,“ segir Georg Hólm, bassaleikari Sigur Rósar. Í kvöld spilar sveitin í Wolverhampton, sem er fyrsti áfangastaður sveitarinnar á stuttum Englandstúr. Uppselt er á alla tónleikana fimm. Eftir Bretland spilar sveitin víðs vegar í Evrópu og slúttar svo törninni, sem hófst með útgáfu nýjustu plötunnar í sumar, á tónleikunum 23. nóvember í Laugardalshöll. Þar spilar sveitin sem kvartett. Ekki skraut.

„Við höfum spilað fjórir frá því í sumar og það er mjög gaman,“ segir Georg. „Þetta eru tveggja tíma tónleikar eða svo, og aðeins meira rokk heldur en vanalega hjá okkur.“

Eftir Höllina sjá sveitarmeðlimir loks fram á verðskuldað frí. „Tæknilega erum við búnir að vera á fullu síðan við vorum að taka



HINIR FJÓRU FRÆKNU Spila í Höllinni en fara svo í langt frí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

upp Takk. Þegar við höfum kynnt þá plötu fórum við að gera bíómynd og svo strax í að taka upp og fylgja eftir nýju plötunni.“

Ýmislegt liggur fyrir hjá hljómsveitar-

meðlimum. Kjartan eignast sitt fyrsta barn og einhverjir eru að flytja. En hvað svo? „Uff, við erum nú ekki farnir að hugsa svo langt,“ segir Georg. „Fyrsta mál á dagskrá er bara að hláða batteríin en svo munum við eflaust dunda okkur við að finna upp á einhverju. Það er aldrei að vita nema við gerum eitthvað sem við höfum aldrei gert áður. Það er alltaf gaman að finna sjálfan sig upp á nýtt.“

Miðasala á tónleikana í Höllinni hefst á miði.is í dag. Miðar í stúku kosta 4.900 kr. en í stæði 3.900 kr. Þá verða í boði sérstakir miðar fyrir 13-16 ára á aðeins þúsundkall stykkið. Þessir miðar verða eingöngu seldir í Skífunni á Laugavegi og hefst sala miðanna kl. 16 í dag. Með því að byrja miðasölu svona seint kemur Sigur Rós í veg fyrir að krakkar þurfi að skrópa í skólann.

- drg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. steypufni, 6. tveir eins, 8. duft, 9. geislahjúpur, 11. gelt, 12. kunningi, 14. mjaka, 16. samtök, 17. ennþá, 18. gapa, 20. tveir eins, 21. færni.

LÓÐRÉTT

1. málmur, 3. ryk, 4. gróðrahyggja, 5. rá, 7. hindrun, 10. regla, 13. gerast, 15. sál, 16. styrkur, 19. hæð.

LAUSN

16. afl, 19. ás.
 LÓÐRÉTT: 1. stál, 3. ím, 4. fegimnd, 5. stál, 7. tatali, 10. agt, 13. ske, 15. andi, 17. gá, 12. lægsi, 14. flikra, 16. aa, 17. enn, 18. flá, 20. dd, 21. list.
 LÁRÉTT: 2. gífs, 6. tt, 8. mál, 9. ára,

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Rauðsól ehf.
- 2 Hann er 67 ára.
- 3 Lewis Hamilton.

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“



LAY LOW Terry McBride fór á tónleika með Lay Low í Frikirkjunni og hreift svo af frammistöðu hennar að samningstilboð er nú komið á borðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KÁRI STURLUSON: RAUNVERULEG TÆKIFÆRI AÐ SKAPAST ÚTI Í HEIMI

Tvö stór útgáfufyrirtæki með tilboð í Lay Low

„Þetta er það sem við erum búin að stefna að lengi. Núna eru að skapist raunveruleg tækifæri,“ segir Kári Sturluson, umboðsmaður tónlistarkonunnar Lay Low.

Eitt stærsta umboðs- og útgáfufyrirtæki heims, Nettwerk Music Group, hefur boðið Lay Low útgáfusamning. Að sögn Kára felur tilboðið í sér útgáfu á nýjustu plötu hennar, Farewell Good Night's Sleep, víða um heim.

„Þeir tala um að nýja platan komi út í Bandaríkjunum og í Evrópu í apríl á næsta ári og reikna með því að í desember byrji eiginlegt kynningarstarf. Þetta þýðir að það þarf að fara mikið út að spila og fylgja plötunni eftir,“ segir Kári.

Fleiri ganga með grasidi í skónum á eftir Lay Low, þar á meðal

stórt breskt útgáfufyrirtæki, og er tilboðs að vænta frá því síðar í vikunni. „Þetta stefnir í einhvern hasar en þetta er ánægjuleg barátta. Allir sem hafa heyrt hana úti eru rosalega hrifnir af henni,“ segir Kári og nefnir bresku söngkonuna Kate Nash sem dæmi um nýja aðdáendur.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum sá Terry McBride, einn þriggja stofnenda Nettwerk Music Group, tónleika Lay Low í Frikirkjunni og hreift hann mjög af frammistöðu hennar. Áður hafði hann sótt ráðstefnuna You Are In Control á Hótel Sögu ásamt Kára.

„Ég náði að plata hann til að koma í Frikirkjuna. Þetta voru einu tónleikarnir sem hann sá á meðan hann var hérna. Við hittumst

daginn eftir og fórum yfir hitt og þetta. Ég ræddi við þá [Nettwerk] aftur vikuna á eftir og þeir lögðu fram formlegt tilboð í síðustu viku,“ segir Kári. „Ég var í London í síðustu viku og heimsótti skrifstofu þeirra. Þetta er mjög gott fyrirtæki sem hefur gengið mjög vel í Bandaríkjunum en það er nýbyrjað í Evrópu.“

Nettwerk Music Group var stofnað í Vancouver í Kanada árið 1984 og er nú með útibú í New York, Los Angeles, London og víðar. Þekktir flytjendur á borð við The Cardigans, Sara McLachlan og Martha Wainwright eru á útgáfusamningi hjá fyrirtækinu. Einnig sér það um umboðsmál fyrir stjörnur á borð við Avril Lavigne, Dido, All Saints og Jamiroquai. freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gunnar Eyjólfsson stórleikari hefur fengið frábæra dóma fyrir frammistöðu sína í Hart í bak sem þjóðleikhúsið sýnir nú um stundir. Það að leika getur reynst hættuspil eins og dæmin sanna. Þannig datt Gunnar á sýningu sem var á fimmtudag og haltrar nú meiddur á hné. Kapall úr sýningunni Ástin er diskó – lífið er pönk hafði verið illa festur og stakk Gunnar tanni undir hann og datt fram fyrir sig í miðju atriði með þessum afleiðingum.



Tveimur fastráðnum útvarpsstöðvarinnar X-ins 977, þeim **Frosta Logasyni** og **Porkeli Mána Péturssyni**, hefur verið sagt upp störfum. Breyttar forsendur eru fyrir rekstrinum en er þó enginn grátur né gnístran tanna hjá þeim félögum sem halda úti síðdegisþætti stöðvarinnar – Harmageddon. Ekki stendur til að leggja stöðina niður né þáttinn enda lýsir Máni því á sinn einstaka hátt á bloggsíðu sinni að uppsagnarbrefinu hafi fylgt hrós frá fyrirtækinu – en nú er unnið að því að

finna leiðir til að auka hagkvæmni í rekstri.



Fréttablaðið greindi í gær frá viðtalsbók sem væntanleg er frá **Sigmundi Erni Rúnarssyni** en þar ræddir hann við **Magne Guðmundsdóttur** sem mætt hefur margvíslegu mótlæti í lífinu. Magn- ea er það sem heitir að vera alþýðuhetja en forvitnilegt gæti verið áhugasömum um elífðarmálin að hún er hálfstýrir **Pórhalls** miðils **Guðmundssonar**.



- jbg

Undirbýr stóra ævintýramynd

„Þetta er búið að vera ansi langur vinnslutími. Ég held að við Marteinn Þórsson höfum byrjað að skrifa handritið í kringum árið 2000,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Ragnar Bragason. Hann er byrjaður að undirbúa gerð ævintýramyndarinnar Hvíslarinn, eða The Whisperer. Spurður af hverju myndin hafi fengið erlent heiti segir Ragnar að stærstur hluti hennar gerist í Bretlandi. Og því muni enskir leikarar væntanlega skipa stórar rullur. Ragnar segist ekki vera viss um hvenær þeir fari af stað með gerð myndarinnar. Reiknaði þó fastlega með því að það yrði ekki fyrr en 2010.

Myndin er að einhverju leyti byggð á æskuminningum Ragnars þótt hún sé síður en svo ævisöguleg að hans mati. Hvíslarinn segir frá ungum dreng sem heldur í mikla ævintýraför til Bretlands á sjöunda áratug síðustu aldar. Ragnar segist reyndar aldrei hafa

drepið niður fæti á enska grund þegar hann var lítill drengur fyrir vestan. „En maður fór annars í ansi margar slíkar ferðir í huganum,“ segir Ragnar og bætir því við að þetta sé jafnframt einhvers konar óður til Charles Dickens og Herman Melville „sem voru mínir guðir þegar ég var barn“, útskýrir Ragnar.

Hann segir að The Whisperer sé umfangsmikil mynd sem krefjist þess að menn vandi vel til verka. „Þess vegna erum við að gæla við 2010. Þetta gerist bara þegar þetta gerist og maður veit aldrei. Það virðist nú líka vera ansi þröngt í heimi fjármálanna þessa dagana,“ segir Ragnar.

- fgg

HYGGUR Á ÆVINTÝRAMYND Ragnar Bragason ætlar að gera ævintýramynd sem verður óður til Charles Dickens og Hermans Melville. Myndin fer í tókur 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Lækkað verð á ýsullökum með roði, aðeins 989 kr/kg

Opið í verslun mán - fös 08-18:30

Nýr matseðill í veitingahúsi alla miðvikudaga

Gallery fiskur

Opið í veitingahúsi mán - fös 11:30-15:00 fim - lau 18:00-22:00 www.galleryfiskur.is

Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882

ERLU SAGA

HEIÐARLEG | NÆRGÖNGUL | SLÁANDI

Í gjörningaveðri Guðmundar- og Geirfinnsmála var nafn **ERLU BOLLADÓTTUR** á allra vörum og hún var bendluð við alls kyns glæpi.

Hver var þessi stúlka og hvernig missti hún fótanna í lífinu?

Um hvaða glapstigu lá leið hennar og hvernig fann hún veginn að nýju?

Hver er hún nú – og hver er raunveruleg saga hennar?



Loksins er **ERLA BOLLADÓTTIR** tilbúin að stíga fram og segja sögu sína alla án vægðar; draga fram örlaga-valdana í lífi sínu í þremur heimsálfum og fletta hulunni af fortíðinni, uppreisnarárum og örvæntingu, eynd og sigurstundum.


VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm
í svefnpokaplássi
kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Styttur bæjarins


Allt fram í lok september snerist helsta þrætuefni þjóðarinnar um það hvort reisa ætti stytta af Tómasi Guðmundssyni Reykjavíkurskáldi. Sjálfstæðismaðurinn Kjartan Magnússon, sem lagði fram hugmyndina, þótti við hæfi að stytta stæði í Hljómskálagarðinum (Gísli Marteinn var einmitt nýbúinn að stinga upp á að þar yrði kaffihús) eða við sjálft tónlistarhúsið. Svandísi Svavarsdóttur leisti illa á tillöguna, sagði hana gamaldags og stirða auk þess mengaða af karllægum viðhorfum. Þetta voru síðustu dagar góðærisins.

ÉG ræddi við færeyskan kunningja um daginn sem er einkar vel að sér í stjórnmalasögu Íslendinga. Ég sagði honum að skáldið hann Einar Már Guðmundsson hefði gefið Færeyingum norðurljósin árið 2006 með þessum orðum: „Ég hef heldur aldrei heyrt að nokkur Færeyingur hafi reynt að selja norðurljósin eins og skáldið Einar Benediktsson, sem bauð þau til kaups í London fyrir hundrað árum og ekki óviðeigandi að rifja upp nú þegar íslenskir kaupþýslumenn fara um heiminn eins og víkingar með greiðslukort.“

SÁ færeyski sagði að ástæðan fyrir því að samlandar hans hefðu ekki reynt að selja Bretunum þessa fegurð væri sú að þeir væru ekki jafn hugmyndaríkir. Íslendingar ættu að herða upp hugann og hætta þessum sjálfsásökunum um að flatskjákaup hefðu steypt þjóðinni í glötun. Aldrei hafi hann hitt Færeying sem hafi haldið því fram að kaup á VHS-tækjum hafi orsakað kreppuna þar í landi á tíunda áratugnum. Það hafi óhæfir ráðamenn og spilltir valdhafar gert.

FÆREYINGURINN hélt því svo fram að Íslendingar væru í huga hans þjóðin sem hefði fyrst stigið fram fyrir skjöldu og viðurkennt sjálfstæði Eyrstrasaltslandanna, þá full af hugrekki og stórmennsku. Mér varð þá hugsað til listaverksins Stuðnings við Túngötu. Það gáfu Lettar Íslendingum sem þakklætisvott og létu eitt kvæða sinna stórskálda fylgja: Við erum smáþjóð / Við munum verða eins stór / og hugur okkar stendur til.

ÉG fór og skoðaði þetta verk eftir símtalið og áttaði mig á mikilvægi styttna bæjarins, hve þær geta glatt mann með því að minna á fegurð, göfgi eða vináttu. Ég hlakka til þess tíma þegar tal um styttna af Tómasi verður aftur tímabært. Og talandi um það sem er tímabært, það er texti lagsins Styttur bæjarins sem Spilverk þjóðanna söng svo sannarlega um þessar mundir. „Þú og ég, við erum fimmmeningar, víkingar, aríar, Íslendingar! Fjallkonan, hún tyllir sér á stein, fær sér smók og hvílir lúin bein ...alein...“



GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn
4. nóvember, 309. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.22	13.11	17.00
Akureyri	9.17	12.56	16.33

Heimild: Almanak Háskólans



Veljum íslenskt
– okkar hagur!

SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is